# 1900.

## Í Lambanesi.

Ár 1900, 30. Maim. voru hreppstjórinn í Haltshreppi og úttektarmaður Hermann Þorsteinsson á Reykjarhóli staddir á Lambanesi, til þess, eptir ósk Einars Halldórssonar að taka út nefnda jörð, þá er hann fer frá jörðunni, en Kristján Jónsson tekur við henni, og eru báðir: viðtakandi og fráfarandi viðstaddir úttektina. Eigandi jarðarinnar Mdm. Margrét Ólafsdóttir á Ísafirði, er eigi viðstödd, en hreppstjórinn sem er umboðsmaður eiganda, gætir þarfa hans úttektinni viðvíkjandi.
Hin síðasta úttekt jarðarinnar var til sýnis. Komu húsin fyrir eins og hér segir:

1. Baðstofa. 13½ al. að lengd, 4½ al. breið, í 5 stafgólfum, með 12 stöðum, hér umbil 1½ al. á hæð, einlæg laus holt á báðar hliðar, 2 albitar, 4 skammbitar, áfellur auk 2 og 3 langbanda á hlið; þétt fjalrepti yfir; hurð á járnum fylgir húsinu. Húsið er með sömu viðum og við seinustu úttekt 10. Mai 1898, að öðru leyti en því, að fráfarandi hefir sett tvær nýjar stoðir, sem orðnar voru fúnar. Við seinustu útt.; voru ekki látnir nema 4 gluggar fylgja baðstofunni, sem reyndar áttu að vera 5, og menn það stafa af því, að 2 gömlu glugg=

arnir hafa verið lagðir á móti einum nýjum og stórum 4 rúðuglugga, en nú hefir fráfarandi bætt við að nýju 1 glugga á móti baðstofudyrum, sem hann lætur fylgja jörðinni, svo nú fylgja baðstofunni sem jarðareign 5 gluggar eins og áður. Glugga á austurhlið, í suðurhúsi, hefir fráfarandi stækkað til muna, og fylgir honum nýtt glugghús og annar útbúnaður. Utanvið baðstofudyr, var áður torfveggur, en fráfar=andi hefir tekið burtu vegginn og eru þar í staðinn 4 fjalir og telst sú breyting fremur til bóta. Húsið er fornt orðið, óstarað og þak fremur gott. Álag metið = Kr. 55.00

2. Eldhús. 5 3/4 al. langt, 3 3/4 al. breitt, í tveimur stafgólfum, með 6 stöðum, með grjóthlaði undir 4 stöðunum, 3 bitar, syllur og súrept með lang=böndum á hliðunum. Því virðist ekkert hafa hnignað, síðan seinast var tekið út, en sökum sjálfsagðrar fyrningar viða og veggja, er álagið aukið um 1 Kr. og verður því álagið = Kr. 21.00

3. Göng frá baðstofu, til stofuhúss. Fráfarandi hefir breytt húsinu á þann veg, að hann hefir rifið burt veggjarpart frá baðstofudyrum til stofuhúss, að utanverðu og er nú þessi gangnapartur helmingi breiðari, en hann áður var og með glugga; af því um~~bót~~breyting þessi þykir í alla staði, til mikilla bóta, þá eru göngin gjörð álagsfrí = Kr. " "



4 Stofuhús. 8 al. langt, 7½ al. breitt, 4 þernar sperrur, 8 stoðir, 4 heilbitar. ~~Húsinu~~ Í þessari stærð hússins er innifalið: Stofa, búr og bæjar=dyr. Á húsinu hafa verið gjörðar þær umbætur að fráfarandi hefir sett nýjan bita að austan=verðu, nýjar sperrur þar yfir og nýja eykar=stað að norðaustanverðu; ennfremur nýja syllu utantil við bitann; loptið yfir búrinu hefir hann rifið og gjört upp aptur úr gömlum fjölum, en nýtt lopt er yfir gangnapartinn framanvið búrið. Húsið er dálítið snarað til suðurs. Álag metið = Kr. 57.00

5. Fjárhús yfir 16 kindur; það hús er nú reyndar eigi til í því formi, sem það á að vera, eins og talið er í seinustu úttekt, en af því að fráfarandi hefir endurbætt húsið að nokkru til viða, þá verður jarðarinnar partur úr húsinu aðeins með álagi = Kr. 3.00, og hinn parturinn (fyrir 12 kindur), verður virtur eins og áður = Kr. 20.

Álagið verður þá allt:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Á baðstofu | = Kr. | 55.00 |
| 2. | — Eldhús | = — | 21.00 |
| 3. | — Stofuhús | = — | 57.00 |
| 4 | — Fjárhúspart | = — | 3.00 |
| | Alls | = Kr. | 136.00 |

Uppí álagið er talið:

1. Eign í kvígildishúsi — — =Kr. 20.00
2. Hesthús — — — =— 6.50
3. Fjárhús yfir 40 kindur — — =— 29.00
4. Dto. — 16 — — — =— 14.00
5. Fjós yfir 6 gripi, með ranghala — =— 27.00
6. Þyljur í baðstofu, með hurð fyrir suðurhúsi — — — =— 24.00
7. Hurð í göngum innanvið baðstdyr =— 1.50
8. Baðstofuhús, með skrálæstri hurð, 1 fjögrarúðuglugga og 1 lausarúmi =— 60.00

Alls = Kr. 182.00

12 kvígildisær fylgja jörðunni og eru þær í dag afhentar og af viðtakanda teknar gildar og góðar. Að öðru leyti hefir hvorki viðtakandi né umboðsm. eiganda nokkuð að athuga við skil fráfaranda á jörðunni. Viðtakandi lofar að borga mismun álagsins og virðingarfjárins =Kr. 46.00 eptir samkomulagi við fráfaranda. Úttektin endið sama dag og hún byrjaði. Upplesin og samþykkt.

Guðm. Davíðsson. Hermann Þorsteinss.
Einar Halldórsson. Kristján Jónsson



## II. Sambanessreykir.

Ár 1900, 30. d. Maímán. var hreppstjórinn í Holtshreppi, og settur úttektarmaður Einar Halldórsson, til staðar á Sambanessreykjum, til þess, eptir ósk fráfaranda Einars V. Hermanns=sonar, og Jóns Halldórssonar, að taka út nefnda jörð. Einar Halldórsson var, af hreppstjóra settur, til að verða útt. maður í stað Hermanns Þorsteinssonar, vegna þess, að Herm. er faðir fráfaranda og því of nákominn, til að geta talist óvilhallur. — Eigandi meiri hluta jarðarinnar — Björg Jónsdóttir á Felli, var eigi viðstaddur, en af því að Kristján Jónss. á Syðstamói (Sambanesi) var til staðar, setti hreppstjóri hann, til að vera við útt. fyrir hönd eiganda. Fráfarendur báðir voru við=staddir og sömuleiðis viðtakandi Isaak Jóhannesson. Hin síðasta útt. var til staðar og sýnis. Húsin komu þannig fyrir:

1. Baðstofa. 12 al. löng, $6\frac{1}{4}$ al. breið, 6 kálfasperrur, 2 albitar, 6 skammbitar, 12 stoðir, $1\frac{3}{4}$ al. háar; 4 langbönd á hlið, auk áfellu, á langböndum er reisifjöl úr borðum, röð við röð. 6, sexrúðugluggar eru á húsinu. Hurð á járnum tilheyrir baðstof=unni. Þyljur innanum suðurhús, uppað bita á stafni og uppað gluggum á hliðum, sömuleið=is gluggar með glugghúsum og hurðin fyrir

fremri baðstofu, með dyrastöfum fylgir baðstofunni og er eign hennar, samkvæmt útt. 8. Maí 1891. Staðir eru farnar að fúna nokkuð, einkum staðin í suðausturhorni baðstofuhússins og sömuleiðis fyljurnar við austurhlið baðstofuhússins. Verulegir gallar eru eigi sýnilegir, nema þessir áðurnefndu, og gluggafrogen öll meir og minna fúin. Fyrning er metin 3.50 Kr. fyrir hvert ár sem E. V. Hermannsson er búinn að vera og álag er því gjört = Kr. 65.00

2. Göng frá baðstofu, til bæjardyra, tæpar 7 al. löng, 1½ al. breið. Göngin eru með innskotsbugðum á innra parti (2 al.) | reft á dyratré undir stafninum, en í fremri parti mænisás og af honum reft á veggi. Stoð er undir innri enda mænisássins og þverbiti í miðjum göngum, með tveimur stöðum undir og af honum dvergur undir mænisás. 2 staðir eru undir dyratré, framan við baðstofudyr. 2 hurðir á járnum með dyrastöfum, eru fylgjandi göngunum. Göngin eru með talsverðum fyrningarblæ. Álag er metið = Kr. — 12.00

3. Bæjardyr; 8 al. langar, 3 al. breiðar, með fernum sperrum, 4 bitum, 8 stöðum 2½ al. háar; á stöðunum eru lausholt. Á sperrum eru þétt langbönd og þétt árefti utanyfir. Framanundir er þyl með hurð á járnum klinku og lokulaust. Álag = Kr. 5.50

4. Búr 5 al. langt, 4¼ al. breitt, þrennar sperrur,



2 albitar, 6 staðir, á fridju al. háar; lausholt einlæg, áfellur, langbönd og reft á þau. 1 4 rúðu gluggi og skrálæst hurð fylgir búrinu ~~Álag er metið~~ — — — Kr. Ofanaf búrinu var rifið í fyrravor, veggir hækkaðir og endurbættir, sömuleiðis mikið endurbætt að viðum. Með tilliti til þessara umbóta á búrinu, er það gjört álagsfrítt.

5. Eldhús. 7 al. langt, 4½ al. breitt; þrennar sperrur, 3 albitar, 6 staðir, um 3 al. háar; syllur á stöðunum; langbönd og árefti; hurð á járnum fylgir húsinu; húsið er snarað, bæðigrind og veggir. Álag gjörist = Kr. 9.00

6. Fjárhús uppi á velli fyrir 18 kindur, með 2 mæniásum og vaglreft á milli; 6 garðastaðir; reft á veggi, garðastokkar og hurð á járnum. — Fráfarandi E. V. Herm. reif ofanaf norðurhlið hússins á síðastahausti og bætti í það nokkrum nýjum röftum; aptur á móti hefir fyrning orðið á hinum gamla raptviði hússins; fráfarandi á viðauka í húsinu, og gengur hann fyrir álagi. Viðauki þessi er virtur á Kr. 2.60, en 1 Kr. fyrning lögð á hinn part hússins að auki; álag á húsið verður því alls = Kr. 3.50

Álag verður alls:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. Á baðstofu | = | Kr. — — — | 65.00 |
| 2. — Göng | = | — — — — | 12.00 |
| 3. — Bæjardyr | = | — — — — | 5.50 |
| 4. — Búr | = | — — — — | .. |
| 5. — Eldhús | = | — — — — | 9.00 |
| 6. — Kvígildishús | = | — | 3.50 |
| | | Alls = Kr. | 95.00 |

Uppí álagið er virt:

1. Hesthús úti á velli = Kr. — — 8.00
2. Fjós — — = — — — 21.00
3. Þyljur í baðstofu aðrar en þær, sem að framan eru taldar, að tilheyri baðstofunni (og hús Jóns Halldórss. undanskilið) = Kr. 49.50
4. Hurð fyrir baðstofuhúsi á járnum, ríems umgjarðir 4 og hornskápur = — 9.50
5. Partur í kvígildishúsi = — 2.50

Alls = Kr. 90.50

Afgangurinn = Kr. 4.50, borgar fráfarandi viðtakanda í millireikningi.
Kvígildin eru 12 að tölu, afhendast viðtakanda í fullgildu standi.
Viðtakandi eður umboðsmaður eiganda, hefir ekkert út á afhendingu jarðarinnar að setja, að nokkru leyti, frekar en að framan er greint.
Úttektin upplesin og samþykkt.

Guðm. Davíðsson. Einar Halldórsson.
Einar V. Hermannsson. Jón Halldórsson.
Ísaak Jóhannsson. Kristján Jónsson.

Ath: það, sem að ofan er sagt: „hús Jóns Halldórssonar" er meint: þyljur á tvo vegu í húsinu, skrálæst hurð, þilskápur og gluggtrog í kringum glugga í húsinu

G. Davíðsson.



## III. Hrúthús.

Ár 1900, 30. d. Maím. voru hreppstjórinn í Holtshreppi og úttektarmaður Hermann Þorsteinsson á Reykjarhóli til staðar á Hrúthúsum, til að taka út jörðina, þegar Jóhann Jónsson skilar jörðunni, en Einar Halldórsson tekur við henni. Eigandi E. B. Guðmundsson í Haganessvík var ekki til staðar. Fráfarandi var viðstaddur og sömuleiðis viðtakandi. Seinasta úttekt var til staðar og sýnis. Hús voru tekin til skoðunar á þenna veg:

1. Baðstofa 7½ al. löng, 5¾ al. breið á milli þylja, 5 sperrupör, 10 stoðir 2¼ al. háar; einn albiti í suðurenda, skammbitar 2. Súð liggur utaná sperrum og gengur hún í stað langbanda og árepttis. Þyljuð er baðstofan allt í kring uppað bita og lausþyljuð hálfum og ennfremur stafnar þyljaðir ofanvið bita. 2, 4rúðugluggar og klinkulæst hurð á járnum fylgir baðstofunni. Í baðstofugangi að framan er og hurð á járnum, en gangurinn sjálfur er flatrepttur; gangur þessi nær að eins í gegnum norðurstafn baðstofunnar. Í ~~einni~~ stað undir austurhlið finnst fúi að neðanverðu; annars munu stoðir lítið sem ekkert farnar að bila. Af því að baðstofan er öll þyljuð, er eigi gott að segja hvort laus halt muni fúin, en þó þykir líklegt, að þau muni eigi vera laus við fúa, fremur en súðin, sem er talsvert fúin orðin, einkum í syðsta stafgólfi vestanvert í húsinu. Húsið er 5 ára gamalt, en það sem í 1. lagi, að súðin er eigi

eins sterkt upprepti, eins og langbönd og árepti= og í 2. lagi að austurveggur mun vera sprung= inn og í 3. lagi að fúi er talsverður sjáanlegur, þá gjörist álag = Kr. — 30.00

2. Eldhús; 3 al. langt, 4½ al. breitt; ~~undir 2 mænis= ásum og refst af þeim á veggi; hurð á járnum við dyrastafi~~ hvennar sperrur, lausholt, með stöðum undir og langböndum undir árepti. Viðir farnir að fyrnast; húsið nokkuð annarað til vesturs. Álag gjörist = Kr. 5.00

3. Búr; 3 al. langt, 4½ al. breitt, undir 2 mænis= ásum og rept af þeim á veggi. Hurð á járnum við dyrastafi. Einnarrúðugluggi er á húsinu. Ofan af búrinu var rifið fyrir 4 árum og þá rept alveg að nýju. Álag metið = Kr. 4.00

4. Bæjardyr, með anddyri innaf, sem hvorttveggja er 7 al. á lengd og liðugar 2 ál á breidd og hvoru= tveggja rept með langrepti og árepti á það. Þyl er framarundir bæjardyrum og hurð á járnum lokulaust. Fráfarandi átti nokk= urn part í þyli á milli eldhúss og anddyris, en nú gjörir hann ekkert tilkall ~~til þess~~ enda er það gamall og fylgir það því jörðunni úr þessu. Hurð er á milli anddyris og bæjardyra. Rifið hefir verið ofanaf ~~anddyrinu~~ og bætt í nýjum röftum, enda er sá partur lítt fúinn að



viðum; aptur eru bæjardyrnar mjög lasnar að viðum; þó er þylið framanundir vel stæði= legt og ófúið. Álag metið = Kr. — 5.00

5. Kvígildishús út og upp á velli (Sydra hús). Hús þetta var, þegar fráfarandi tók við því jötuhús, en hann hefir breytt því í garðahús og tekur um 24 kindur á garðar; Húsið allt er virt á 20 Kr. Jörðin á ekki nema ½ húsið og er álag á þann part gjört = Kr. 1.50

Álag gjörist þá alls:

| | | |
|---|---|---|
| 1. á baðstofu | = Kr. | 30.00 |
| 2. — Eldhús | = — | 5.00 |
| 3. — Búr | = — | 4.00 |
| 4. — Bæjardyr | = — | 5.00 |
| 5. — Kvígildishús | = — | 1.50 |
| | Alls = Kr. | 45.50 |

Uppi álag er virt:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Fjós | = Kr. | 10.00 |
| 2. ½ sydrahús | = — | 8.50 |
| 3. Ytrahús | = — | 20.00 |
| 4. Hesthús | = — | 8.00 |
| 5. Skemma | = — | 21.00 |
| 6. Hurð fyrir búri | = — | 1.00 |
| 7. 6 rúms umgjarðir í baðstofu, ásamt með þyljum öllum að fráskildri súð | : | 30.00 |
| | Alls = Kr. | 98.50 |

Mismuninn = Kr. 53.00 borgar viðtakandi í millireikn= ing við fráfaranda. 6 kvígildisær, verða afhentar í góðu lagi. Annars ekkert út á viðskilnað frá= faranda að tala. Úttektin lesin og samþykkt.
Guðm. P. Dav. Herm. Þorst. Einar Halld. Jóh. Jónsson

Athugasemd við Hrúthúsaúttektina:
Þetta sama vor (1900) reif Einar Halldórsson ofanaf baðstofunni og kom þá fram svo mikill fúi í stöðum, ~~og~~ veggjum og súð, að álagið var hækkað ~~upp~~ um 4 Kr. uppí 34.00 Kr. og kemur það í millireikningi fráfaranda og viðtakanda.

Guðm. Davíðsson.

## IV. Gil.

Ár 1900, 31. d. Maím. voru hreppstjórinn í Holtshreppi og úttektarmaður Hermann Þorsteinsson til staðar á Gili, til að taka út jörðina, þegar Helgi Hafliðason skilar henni, sem fráfarandi, en Arngrímur Sveinsson og Bogi Jóhannesson taka við henni. Fráfarandi og viðtakendur eru tilstaðar og sömuleiðis allir eigendur jarðarinnar: Ólafur Sveinsson á Vatnsenda í Héðinsfirði, Arngr. Sveinsson og Hallgr. Björnsson á Stóra-Holti.
Eldri úttekt er engin til staðar; hún er engin til í úttektarbók hreppsins, sem nær til 1884, en þó er fráfarandi búinn að vera í jörðinni aðeins: 14 ár. Hlýtur því svo að vera varið, að gleymst hefir að færa úttektina inní bókina.
Úttektin framfór, eins og hér segir:

1. Baðstofa: 7 al. löng, 5 al. breið; fernar sperrur og einlægt lausholt; tveir álbitar, langbönd 6 og 7 á hlið og fjalrepti ofaná langböndum; tveir gluggar eru á húsinu; baðstofan er 7 ára gömul.



Eptir þeim viðum, er í húsinu hafa verið þá er það var byggt, hafi viðirnir verið nýir, þá er það virt á Kr. = 35.85. – Nú er húsið farið að hrörna; staðir eru meir og minna fúnar, langbönd sömuleiðis; sperrur lítið sem ekkert fúnar, en þó munu sperrutær farnar að feyskjast; bitar ófúnir, smárepti mikið fúið; annan gluggan vantar, en annan þann gluggann, sem í baðstofunni er, á Arngrímur Sveinsson. Hurð á járnum tilheyrir baðstofunni og er í góðu lagi. Þegar tekið er tillit til ofannefndra galla, þá er álag á baðstofuna gjört samtals = Kr. 13.50.

2. Búr
3. Göng
4. Eldhús

} Undir sama risi og stærð sú sama og baðstofunnar n.l. 7 al. lengd og 4½ al. breidd. Tveimur bitum er fleira í þessari húsalengju en í baðstofunni.
Þil er á milli eldhúss og gangna annarsvegar og búrs og gangna annarsvegar, í stað stafna. Hurð er fyrir búri á járnum. Tvær hurðir eru í göngunum. Væri hús þetta nýtt myndi viðurinn í það virtur á Kr. 36.00 með smíði. Gallar á húsinu eru ekki mjög miklir; þó vantar nokkuð á þilin bæði, til þess, að þau nái frá gólfi til rjáfurs. Búr er í norðurenda en eldhús í suðurenda húsalengjunnar; langbönd á austurhlið búrs eru og mjög fúin og léleg. Álag gjörist = Kr. —— 10.00

5. Bæjardyr; með lokulæstri hurð, en svo sem

engu þyli. Húsið er lítið, en stæðilegt og ósnarað og viðir ófúnir. Virðing á þessu húsi er ekki sérstaklega gjörð en fyrir fyrningu gjörist = 1.00

6. Fjárhús, yfir 18 kindur. Fjárhús þetta er með sömu ummerkjum og það var þegar fráfarandi tók við því, og þegar tekið er tillit til þess, að húsið virðist vel stæðilegt og lítið, sem ekkert snarað, þá er álag metið aðeins = Kr. —— 3.50.

Álag gjörist alls = Kr.:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Á Baðstofu | = Kr. | 15.50 | |
| — Búr, göng & eldhús | = — | 10.00 | |
| — Bæjardyr | = — | 1.00 | |
| — Fjárhús | = — | 3.50 | = Kr. 30.00 |

Uppí álag er virt:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Rúms umgjörð í baðstofu og þiljur í kring að lausholtum | = Kr. — | 2.00 |
| 2. Dto. — —— | = — — | 1.50 |
| 3. Hesthús suður á túni | = — — | 3.00 |
| 4. Fjós fyrir 4 kýr, með ranghala | = — — | 9.50 |
| 5. Frá viðtak. Boga Jóhannessyni | = — | 8.00 |
| 6. — Arngr. Sveinss. leiguliðabót í ár | = — | 1.25 |
| 7. — Ólafi á Vatnsenda —— | = — | 2.75 |
| 8. — Guðm. Davíðssyni —— | = — | 2.00 |
| | alls = — | 30.00 |

Ath. Fjósið, sem virt er uppí álag, keyptu jarðareigendurnir, til jarðarinnar. – Kvígildi jarðarinnar er afhent í gildu lagi, með 6 ám. Úttekt lesin – samþykkt
Guðm. Davíðsson. Herm. Þorsteinsson
Helgi Hafliðason. Arngrímur Sveinsson. Ólafur Sveinsson (handsalað) Bogi Jóhanness. Hallgr. Björnsson

# V. Mólastaðir.



Ár 1900, 1. d. Júním. var hreppstjórinn í Holtshreppi og úttektamaður Hermann Þorsteinsson, til staðar á Mólastöðum, til að taka út jörðina, þegar Friðbjörn Jónsson skilar henni, en Einar V. Hermannsson tekur við henni. Fráfarandi er til staðar og sömuleiðis viðtakandi, sem líka er eigandi og umráðamaður nefndrar jarðar. Síðasta úttekt jarðarinnar var til staðar og sýnis.

Komu húsin fyrir, eins og hér greinir:

1. Baðstofa: 7 3/4 al. löng, 5 al. breið; 5 kálfasperrur, 10 stafir 3 al. háar; 5 álbitar, einlag lausholt; 5 langbönd á hlið, auk mænistróðu; 3 stórir glergluggar eru á húsinu og hurð á járnum, við dyrastafi. Í síðastliðnum fardögum, þegar Þorl. Þorláksson skilaði jörðunni, en Friðbjörn tók við, var ekki tekið út. Lausholt, bitahöfuð og sperrutær töluvert fúið orðið. Raki er mikill í húsinu, sem orsakast af því, að það er svo mikið niðurgrafið – gluggar á austurhlið nema við jörðu – og eru langbönd og árefti mjög illa útlítandi – hvítt af myglu – og mun talsvert farið að feygjast. Vesturveggur hallast inn og er farinn að snara húsinu til norðausturs. Gluggar eru meir og minna bramlaðir að rúðum til. Álag gjörist = Kr. 18.00

2. Búr: 4 al. langt, 3 al. breitt, undir einum mænis-
ás og brúnásum til beggja hliða. Sválæst
hurð er fyrir búrinu. Gallar á húsinu eru meiri
og minni fúi í öllum viðum, sökum raka,
nema þeim eina bita, sem í húsinu er.

Álag gjörist = Kr. —— 7.00

3. Eldhús, 4½ al. langt, 3½ al. breitt, undir tveimur
mænisásum og af þeim reft á veggi. Suður-
stafn slútir inn. Húsinu virðist svosem
ekkert hafa farið aptur, en sökum náttúr-
legrar fyrningar gjörist álag = Kr. 2.50

4. Göng; frá búrsdyrum til bæjardyra, 7 al.
löng, 1½ al. breið, þrennar litlar sperrur og
langreft á þær, en þverreft að öðru leyti.
Hurð fylgir engin. Álag gjörist = Kr. 5.00

5. Bæjardyr; 3½ al. langar, 2½ al. breiðar í 2
stafngólfum. Framanundir húsinu er stand-
þil, með hurð á járnum, með járnloku.
Húsið er allvel standandi. Álag = Kr. 3.00

Álag alls:

1. á Baðstofu = Kr. —— 18.00
2. – Búr = —— —— 7.00
3. – Eldhús = —— —— 2.50
4. – Göng = —— —— 5.00
5. – Bæjardyr = —— —— 3.00

alls = 35.50

Uppí álagið er virt:

1. Fjós fyrir 3–4 kýr = Kr. 15.00
2. Hesthús 4/00; 2 dyraumbúnaðir með hurðum í göngum = 5.50

= Kr. 20.50.



Af mismuninum = Kr. 15.00 lofar fráfarandi
að borga viðtakanda 1 gemling, og tekur við-
takandi hann gildan fyrir 8 Kr., ef honum
annars líkar hann; gemlingur þessi skal
greiðast fyrir seinasta fardag næstkom.
þær 7 Kr., sem þá eru eptir jafnast í milli-
reikningi fráfaranda og viðtakanda.
Kvígildis ær 6 að tölu afhendast í gildu lagi.
Ekkert var klagað uppá hadfall eður annað
fráfaranda viðkomandi.
Úttektin upplesin og samþykkt.

Guðm. Davíðsson. Herm. Þorsteinsson.
G. U. Hermannsson. Friðbjörn Jónsson.

## VI. Stórabrekka.

Ár 1900, 1. d. Júním. var hreppstjórinn í Holts-
hreppi og úttektarmaður Hermann Þorsteinss.
tilstaddar á Stórubrekku, til að taka út
jörðina, þá er Jón Þorláksson skilar hálflend-
unni sem fráfarandi, en Jón Magnússon tek-
ur við. Fráfarandi og viðtakandi eru báðir
tilstaddir; sömuleiðis ábúandinn á hinni
hálflendunni.
Úttektin fór fram, eins og hér segir:

1. Baðstofa. 11 al. löng, 5¾ al. ~~löng~~ breið; 5 sperrur
á lausholtum, 2 albitar, 5 skammbitar; 10
stoðir 2 al. háar; 4 og 5 langbönd á hlið, auk

mænisträðu, árepti þétt úr gömlum smáviði.
4 fjögrarúðugluggar fylgja húsinu og enagluggatrog við alla gluggana. Hurð á járnum er við dyrastafi og fylgjandi baðstofunni.
Ekkert hefir verið gjört við baðstofuna síðan 1896, að viðum, nema hvað gluggi á vesturhlið í norðurenda hennar hefir verið smíðaður að nýju og 2 stoðir hafa einnig verið settar undir lausholt. Húsið er lítið eitt snarað til austurs. Merkja finnst aðeins ~~undir~~ í tveimur fremstu stöðum, undir vesturhlið. Að öðru leyti er húsið stæði legt að veggjum viðum og þaki. álag gjörist = Kr. 22.00

2. Eldhús. 5 al. langt, 4½ al. breitt; þrennar kálfasperrur, 6 stoðir, 3 albitar; einlæg lausholt; 2 og 3 langbönd á hlið, með árepti. Fráfarandi hefir tekið skans inni annan eldhúsvegginn 3 al. langan og 1½ al. breiðan, þar sem hann var mest moldrunninn, og gildingað hann upp, rept yfir með þverröftum og einum langrafti sterkum. Þar sem veggurinn hefir að engu leyti skemmst við þessa breytingu, þá verður hún aðeins talin til bóta og af því að fráfarandi ætlast til að þessi eldhússviðbót verði jarðarinnar eign héðanaf, þá verður álag eigi aukið, frá því, sem áður var og



verður það því = Kr. — — 1.00

3. Göng frá baðstofum, til bæjardyra, 8 al. löng, 1½ al. breið, þver og langrept; 2 hurðir á járnum fylgja. Þau eru með sömu ummerkjum og við seinustu úttekt, nema það, að fráfarandi hefir sett ný og sterk járn á hurðirnar. álag metið = Kr. 7.00

4. Bæjardyr; 4¼ al. langar, 2½ al. ~~langar~~ breiðar, þrennar sperrur, lausholt, 6 stoðir, 2 bitar, þyl framanundir, með hurð á járnum. Gallar engir verulegir sjáanlegir, en fyrir fyrningu gjörist álag = Kr. 5.00

5. Fjós; 9½ al. langt, 5 al. breitt, einhalafjós; 5 sperrur, 10 stoðir, 3 albitar, lausholt; 2 og 3 langbönd á hlið auk mænisträðu. 2 hurðir á járnum fylgja húsinu. Gallar á húsinu eru sérstaklega þeir, að tvær stoðir undir austurhlið hafa sigið og veldur það snari hússins til austurs. Suðurstafn er nokkuð moldrótinn á einum stað. Þak lélegt á austurhlið. Ranghalar báðir tilheyra jörðinni héðanaf, en hafa áður verið eign ábúanda. Álag gjörist = Kr. 12.00

6. Bær Ábúandinn á annari hálflendunni: Baldvin, hefir haft það einsamall síðan hann kom hér og þar sem hann heldur áfram, að hafa það einn, þá kemur

það eigi til álita að þessu sinni.

Álag er alls:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Á Baðstofu | = Kr. — — — | 22.oo |
| 2. – Eldhús | = — — — — | 1.oo |
| 3. – Göng | = — — — — | 7.oo |
| 4. – Bæjardyr | = — — — — | 5.oo |
| 5. – Fjós | = — — — — | 12.oo |
| | alls = Kr. | 47.oo |

Af álagsupphæð þessari á fráfarandi aðeins að borga helming = Kr. 23.50

Uppí þenna helming álagsins er virt frá fráfaranda:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Rúmsumgjördir 3 í baðstofuhúsi og allar þyljur í sama húsi | á = Kr. | 23.oo |
| 2. Skilrúm í fjósi | — = — | 2.oo |
| 3. Búr | — = — | 6.oo |
| 4. Skáli sunnan bæjardyra | = — | 26.oo |
| 5. Fjárhús ofanvið bæinn eindyrað | | 26.oo |
| | alls = | 83 oo |

Mismunur = Kr. 60.50.

Uppí þessar 60.50 kr. lofar viðtakandi að borga fráfaranda 4 ær, nú í fardögum; ærin virt á 12/00, gjörir = Kr. 48; afganginum = Kr. 12.50 borgist eptir samkomulagi hlutaðeiganda. Kvígildið, 6 ær afhendast í fullgildu lagi



Túnasléttur þær, sem fráfarandi hefir gjört á jörðinni, og sem hreppstjóra er kunnugt um, að muni vera sem næst 230 □ föðmum, og annars vel af hendi leystar, álíta úttektarmenn, að sé svo til bóta fyrir jörðina, að hann ætti skilið, að fá fyrir þær frá jarðareiganda = Kr. 23. oo. – Ekkert var klagað uppá túnfall eður annað fráfaranda viðkomandi. Úttekt lesin og samþykkt.

Guðm. Davíðsson. Herm. Þorsteinsson
Jón Þorláksson. Jón Magnússon. Baldvin Baldvinss.

## VII. Berghylur.

Ár 1900, 1. d. júním. var hreppstjórinn í Holtshreppi og úttektarmaður Hermann Þorsteinsson til staðar á Berghyl, til að taka út jörðina, þá er Ísaak Jóhannsson skilar henni af sér, en Jón Halldórsson tekur við henni. Eigandi jarðarinnar var ekki til staðar, en þar sem hreppstjóri er umboðsmaður hans, tekur hann að sér, að gæta þarfa hans. Viðtakandi og fráfarandi báðir viðstaddir. Hin síðasta úttekt jarðarinnar til staðar og sýnis.

Komu húsin fyrir eins og hér segir:

1. Baðstofa. 8 al. löng 4 al. breið; fernar sperrur, 8 stoðir; 2 albitar, 2 skammbitar; laushalt, áfellur og 2–3 langbönd á hlið; 2 fjögrarúðu-

gluggar eru á húsinu; hurð á járnum, við dyrastafi; engu hefir verið bætt í húsið að viðum, síðan við seinustu úttekt; veggir sömuleiðis óáhrærðir, enda víða maldrunnir; gallar á viðum eru einkum þeir, að einstaf undir vesturhlið, er orðin bjúgna fúin og sést það best á því, að laushaltið yfir stoðinni, er farið að síga. Ásfella er brotin ein á vesturhlið á einum stað. Ólller baðstofan lítið eitt snörúð til austurs. Álag = Kr. 30.00

2. Búr. Tópast 4 al. á lengd, 4 al. langt; tvennar sperrur; repti á þeim; stafir eru að vestan, en skálasperrur að austan. Húsið er fornt og mjög hrörlegt. Álag metið = Kr. 12.00

3. Eldhús. 4½ al. langt, 3¼ al. breitt; þrennar sperrur, 6 stoðir, 3 albitar, langbönd og smá=repti ofaná; húsið er ofurlítið snarað til austurs, eins og líklegt er, að það hafi verið þá er fráfarandi tók við því. Álag = 5.50

4. Bæjardyr. 3 al. langar, 2 al. breiðar; tvennar sperrur, 4 stoðir, langbönd og árepti, þil framanundir með hurð á járnum. Húsið hefir nýlega verið byggt upp, af fráfaranda, veggir hækkaðir talsvert og viðum bætt; þó er bæjardyraþilið það sama.
Álag gjörist fyrir fyrningu = Kr. 0.50



5. Göng 4½ al. löng, 1½ al. ~~breið~~ breið. Þegar fráfarandi kom að jörðinni voru göngin miklu mjórri og þverrept, en hann hefir bæði hækkað þau og breikkað; áður voru þau þverrepti, en nú er einn ás, eptir endilöngum göngunum; 3 bitar og dvergur uppí ásinn og rept af honum, til beggja hliða. Eru göngin miklu betri nú, en þá er hann tók við þeim og minkar því álagið frá því sem seinast var (10 Kr.) niður í = Kr. 2.50

6. Fjós, yfir 3 kýr. Fráfarandi hefir rist ofanaf austurhlið og bætt í húsið 3 nýjum röftum; aptur á móti vantar rapt á vesturhlið og ásendinn ytri, með öllu ónýtur og viðir annars talsvert fúnir. Álag metið = Kr. 7.00

Álagar þá alls = Kr. 57.50.

Uppí álag er virt:

1. Rúmsumgjörðir 3 í baðstofu og þiljur uppað bitum = Kr. 11.00
2. Skáli = — 4.00
3. Hesthús = — 4.00
4. Fjárhús = — 25.00

= Kr. 44.00

Afgangur álagsins = Kr. 13.50, jafnast í millireikningi hlutaðeigenda.
Kvígildið 6 ær, afhendast í gildu lagi.
Eptir því, sem umboðsmaður eiganda.

bezt getur séð, þá er ekkert við burtför
fráfaranda að athuga frekar.
Úttektin upplesin og samþykkt.
Guðm. Davíðsson. Herm. Þorsteinsson
Jón Halldórsson. Ísaak Jóhannsson

VIII. Saurbær.

Ár 1901, 13. d. Maím. var hreppstjórinn
í Holts hreppi, ásamt með tilkvöddum
virðingarmanni Herm. Þorsteinssyni
á Reykjarhóli, til staðar á Saurbæ,
til að taka út jörðina, þá er Sæmundur
Jónsson fer frá henni, en Guðbrandur
Árnason tekur við henni; bæði fráfarandi
og viðtakandi eru viðstaddir; vegna eiganda
er hr. stj. Guðm. Dav. s. Seinasta úttekt er
til staðar og sýnis.

Úttektin fram fór eins og hér segir:
1. Baðstofa 7 al. löng, 5 al. breið, í 3 stafngólfum
8 stoðir 1 3/4 al. háar, 4ar sperrur, 2 valbitar, 2
skammbitar, reisifjöl úr samfeldum borðum
í innsta stafngólfi og að nokkru leyti á



hinum, á langböndum. 3 tveggja rúðu-
gluggar eru á húsinu; hurð á járnum
fylgir húsinu, við dyrastafi. — Húsið er
óbreytt, að stærð frá því sem áður var,
gallar á húsinu eru: 1 stoð fúin í suð-
austurhorni og önnur stoð í norðaustur-
horni; sperrukjálki ~~úð~~ að vestan við suðurstafn
farinn að fúna; álag gjörist =Kr. 34.00
2.–3. – Búr og eldhús undir sama risi
8 al. langt, 3 1/2 al. breitt, með þyli á milli
og er það sama stærð og verið hefir; 1 glergl.
er í búrinu – enginn á eldhúsinu; skrálæst
hurð á járnum fylgir búrinu. Álag = Kr. 15.00
4. Göng, frá baðstofu, til bæjardyra, 7 al. löng,
1 1/2 al. breið; sú breyting hefir orðið á húsi
þessu, að fráfarandi hefir bætt við einni
hurð á járnum (innri hurð); gallar
sjáanlegir á húsinu engir, en þó eru
viðir blautir og fúalegir. Álag = Kr 6.00
5. Bæjardyr 5 1/4 al. langar, 2 al. breiðar; með
6 stöðum og syllum, 3 bitum, 3 sperrum
á fellum og 1 langbandi á hlið; mænitróða
og smárepti yfir; þyl með hurð á járnum

og klinkur og lokur og vindskeiðum. Húsið er vel stæðilegt, að viðum og veggjum. Álag gjörist Kr. 4.50

6. Fjós yfir 4 kýr, með 8 stöðum, einlægum laushaltum, í fernum sperrum, langbanda röptum og smárepti yfir, hurð á járnum við stafn rangtali frá fjósi til útidyra, með hurð á járnum, fylgir húsinu; þak er slæmt á húsinu og veggjaglenna í norðurstafnsgólfi nokkur til austurs. Stafir farnar að fúna. Álag = Kr. 14.00

Allt álag verður því: | Úttekt álag reiknist:

1. Á baðstofu = Kr. 34.00
2.3. = Búr og eldhús = — 15.00
4. — Göng = — 6.00
5. — Bæjardyr = — 4.50
6. — Fjós = — 14.00
73.50

1. Allar þiljur í baðstofu (nema neysifjöl) og 3 rúms-umgjarðir = Kr. 14.00
2. Bekkur fyrir stafni í búri og lausa fjalir ofan bekkjarins = 2.00
Hófband í eldhúsi er með í þessum Kr.
3. Fjárhús yfir 58 kindur sudurog uppá túni = Kr. 29.50
4. Fjárhús yfir 20 kindur — 12.00
5. Hesthús yfir 4 hesta — 10.00
— Kr. 67.50



Mismunurinn = Kr. 6.00, jafnast í millireikningi fráfaranda og viðtakanda.

Kúgildis ǫl 6 eru afhentar ~~par~~ viðtakanda í forsvaranlegu lagi.

Öll mannvirki á jörðinni álitast í góðu lagi.
Áfall ekkert.

Úttektin endið.

Guðm. Davíðsson
Hermann Þorsteinsson
Sæm Jónsson
Guðbrandur Árnason

IX.

13. d. Maim.

Ár 1901 var hreppstjórinn í Holtshr. ásamt með tilkv. ~~virð~~ útt. m. Herm. Þorst. á R. hóli staddur á Hring í Stíflu, til að taka út jörðina, þegar Jóhannes Gunnlaugsson skilar henni af sér, og G. Dav. tekur við henni, fyrir hönd eiganda, þar sem enginn ábúandi hefir enn gefið sig fram, sem taka vili ábúð á nefndri jörð.

Úttektin fór fram þannig og hér segir.

1. Baðstofa. 9 al. löng, 5 ½ al. breið, 8 stafir, 2 al. háar; 5 sperrur, 2 albitar, 3 skammbitar; 5 og 6 langbönd í hlið; einlæg laushólt; 1 fjögurra rúðugluggi og 2 tveggja rúðugl. er á húsinu; hurð á járnum er fr. húsinu. Húsinu er breitt frá því sem áður var, að því leyti, að fráfarandi hefir breikkað það um 1 al. og er það álitið til bóta. Eru 3 ár síðan fráfarandi byggði hana frá grunni, nema norðurstafn og suður-stafn nefst. Reisifjöl: 2 stafngálfunum gjöri fylgir húsinu. Gallar á húsinu eru: fúi í stöðum á móti baðstofudyrum og víðast í reisifjölinni næst áfellum. Gluggar voru áður 4 á húsinu, en nú eru þeir 3 og er það talið til bóta, þar sem gluggum var fækkað í vesturhlið, þar sem rakinn var mestur, en aftur í móti hefir fráfarandi sett 1, 4 rúðuglugga í



austurhlið, stóran; ~~hurð á járnum fylgir húsinu.~~ álag metið Kr. = 11.00

2. Búr; 2 ¾ al. lengd.; breidd 4 al.; eitt stafngálf. þylstafn á milli búrs og skála, fylgir búrinu, en, þar sem ekki þessi stafn nær nema uppað bita, þá gjörist álag 1.50 og fr. fyrningar Kr. 2.00 = Alls = Kr. 3.50. +

3. Eldhús. 4 ½ al. langt; 3 ¼ al. breitt, með 2 stöðum, c. 2 ½ al. háar, og yfir þeim einar sperrur, með albita; að öðru leyti er byggt á stafna með langbönd um og árefti engin hurð er fyrir húsinu. Álag: Kr. 5.00.

4. Göng. 9 al. löng, að með talinum baðstofu dyrakrók; 1 ½ al. breidd.; veggir góðir, en þar sem viðir eru víða farnir að fúna, þá gjörist álag = Kr. 6.00

5. Bæjardyr. 4 al. lengd, 2 ¼ breidd; langbönd 4 á hlið; 6 stafir 2 ¼ hæð. þrennar sperrur, 3 albitar; einlæg laushólt. þil framan undir úr heilum borðum samanrekið; með

+ Hurð á járnum fylgir húsinu.

með klinku og lokuloströ hurð á
járnum; álag gjörist Kr. 1.50.
6. Fjós yfir 3 kýr; 4½ al. á lengd, 4 al. á breidd.
þrennar sperrur, 2 allihar; 6 stoðir; einlag
lausholt; 5 og 6 langbönd í hlið; hurð á
járnum fylgir fjósinu. Húsið er vel
stæðilegt að veggjum og viðum.
álag gjörist fr. fyrningar = Kr. 7.00.
7. Fjárhús yfir 30 kindur, hálfta. Fráfar=
andi hefir byggt afanyfir ½ húsið síðan hann
kom, en þrátt fyrir það er álag gjört á ½ húsið
= Kr. 2.00.

Álagið allt = Kr.
=1. Baðstofu Kr. 11.00
2. Búr = 3.50
3. Eldhús = 5.00
4. Göng = 5.00
5. Bæjardyr = 1.50
6. Fjós = 7.00
7. ½ Fjárhús = 2.00
Alls = 36.00

Uppí álagið er virt:
1. ½ fjárhús, sem héðan í frá
er jarðarhús = 7.00
2. Skáli, sunnan bæjar= dyra 16.00
~~3. Fyrir stokkum~~
3. Þyljur í baðstofu
og fjórar rúmsum= gjarðir ~~4~~ 5 16.00
4. Skellihurð í görðum 1.00
Alls = 40.00

það, sem fráfarandi á til góða
= Kr. 5.00 borgar G. Dav. honum í
milli reikningi.
Kvígildis ær 9 að tölu afhendast
G. Dav. í gildustandi í fardögum.
Annars er ekkert athugavert við frá=
för Jóhannesar Gunnlögssonar
Úttektin upplesin og samþykkt.
G. Davíðsson.
Hermann Þorsteinsson
Jóhannes Gunnlaugsson
(Handsalað.)

X. Stórabrekka.

Ár 1907, 21. d. maí m. var hreppstjórinn
í Holtshreppi staddur að Stórubrekku
í Austurfljótum, ásamt tilkvöddum
úttektarmanni Hermanni Þorsteinssyni
á Reykjarhóli, til að taka út jörðina, þegar
Baldvin Baldvinsson skilar hálflendunni
en Bogi Jóhannesson tekur við henni.
Eiganda hálflendunnar Stefáni Ás=

grimsson á Efra=Ási í Hjaltadal hafði
verið gjört aðvart um, hvenar úttektin
átti fram að fara, en hann var þá eigi
til staðar. Seinasta úttekt var til
staðar og sýnis. ~~Úttektin framfór einsog~~
Fráfarandi og viðtakandi báðir til staðar,
og sömuleiðis ábúandinn á hinni hálflendunni
Jón Magnússon. Úttektin framfór eins
og hér segir:

1. Baðstofa: Með sömu stærð og öllum sömu
ummerkjum einsog í seinustu úttekt 1. Júní
1900. (bls 17 hér að framan). Gallar eru þeir sömu
og í fyrra, en þó hefir merkja í staðum á
gerst nokkuð; snar er svipað og var — til
austurs. Áfella undir insta glugga á
vesturhlið er fúin og laushalt undir
fremsta glugga og áfella á sömu hlið sömuleiðis
fúið í sundur og ónýtt á þeim parti.
Þrjár rúður eru brotnar í frambaðstofu
gluggum. Álag gjörist = Kr. 30.00

2. Eldhús. Með sömu stærð og í ~~fyrra~~ seinustu úttekt
húsinu virðist eigi hafa farið aptur frekar



en von er til að fyrningu.
Álag gjörist = Kr. 2.00

3. Búr: 4 1/4 al. langt, 4 al. breitt. 8 staðir
2 1/4 al. háar; fernar kálfastærrur; lang-
bönd 3—5 á hlið. 1 tveggjarúðugluggi
fylgir húsinu, en í þeim glugga eru báðar
rúðurnar brotnar. Fúi finst
nokkur í einni stoð undir austur-
hlið, árepti er gamalt og fúið.
Álag gjörist = Kr. 10.00

4 Fjós, með sömu stærð og var í fyrra.
Ekkert hefir verið gjört við húsið
~~hvorki~~ að viðum eða veggjum.
Álag gjörist = Kr. 15.00

5. Göng, með sömu ummerkjum og var
í seinustu úttekt. Fúi finst talsverður
í viðum og sumir brotnir. Álag = Kr. 8.00

6. Bæjardyr; með sömu stærð og lýst er í
seinustu úttekt. Húsið er snarað til
austurs, einkum suðurhliðin. Mænisfróða
vantar í innra stafgólfi, en mænisfróða í
fremra stafgólfi brotin. Þyl er lélegt
einkum sunnan dyra = Álag = 8.00

Álag alls verður þá =

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. Baðstofu | = | Kr. | 30.00 |
| 2. Búr | = | — | 10.00 |
| 3. Eldhús | = | — | 2.00 |
| 4. Fjós | = | — | 15.00 |
| 5. Göng | = | — | 8.00 |
| 6. Bæjardyr | = | — | 8.00 |
| | = | Kr. | 73.00 |

Af þessari upphæð borgar fráfarandinn Baldvin Allt álagið á búrið = Kr. 10.00
og ½ af hinu = — 31.50

Alls = — 41.50

Uppí þessa upphæð er virt:

1. Rúmsumgjörðir 3 í frambaðstofu (í hinni baðstofuþiljunum) og þiljur uppað lausholtum og bitar = Kr. 13.00
2. Borð með skúffu undir í búri, og bekkur og 4 rúðu gluggi í sama húsi — 3.50
3. Lambhús uppí á túni, fyrir 24 lömb = 18.00
4. Skemma sunnan við skála 11.00

45.50

Þær 4 kr. sem framyfir eru álagsupphæðina kemur fyrir ofanálag á 1 kvígildis ána, sem látið hefir lambinu. Hinar kvígildis ærnar tekur viðtakandi gildar. Annars hefir viðtakandi ekkert útá burtför Baldvins að tala.
Úttektin upplesin og samþykkt.

Guðm. Davíðsson. Hermann Þorsteinsson
Bogi Jóhannesson Baldvin Baldvinsson



## XI. Deplar

Ár 1901 þ. 28. d. Maím. var hreppstjórinn í Holtshreppi, ásamt með ~~a~~tilkvöddum úttektarmanni Hermanni Þorsteinssyni á Reykjarhóli, staddir á Deplum í Stýflu, til þess, að taka út nefnda jörð, þegar Ólafur Sveinsson skilar henni af sér, sem fráfarandi, en Sveinn Steinsson tekur við henni. Fráfarandi og viðtakandi voru báðir viðstaddir, og sömuleiðis Guðvarður bóndi Nikulásson á Melbreið, sem hreppstjóri hafði sett fyrir eigandans hönd við úttektina; en eigandinn sjálfur — Bessi Steinsson í Kýrholti var eigi til staðar, og hafði honum þó verið gjört aðvart um úttektina.

Fráfarandi er búinn að vera á jörðinni í 31 ár og er úttekt sú, er framfór, þegar hann tók við, glötuð og því eigi til staðar eða sýnis.

Úttektin framfór eins og hér segir:

1. Baðstofa: 8½ al. löng, 5¼ al. breið; 5 kálfasperrur, 4 skammbitar, 2 albitar við stafna; staðir 10, 2 al. háar, 4 og 5

langbönd á hlið, með smárepti yfir mest fjalvið. Hurð á járnum fylgir húsinu og 3 tveggja rúðugluggar.

Húsið er jafnlangt, eins og var, þegar frá=farandi tók við því, en hann hefir byggt húsið yfir sína tíð og breikkað það um 1 alin, að fengnu leyfi eiganda = Bessa í Kýr=holti, sem einlægt hefir átt jörðina Ólafs á=búðartíma. — Húsið er alveg ósnarað, og vel stæðilegt, að ~~við~~ veggjum og viðum, nema hvað veggir eru blautir af raka, sem í húsinu er~~t~~, og sperrutær ~~[illegible]~~ sex fúnar og árepti sömuleiðis. Fráfarandi lætur þá stokkun, sem hann hefir gjört á húsinu, fylgja jörðinni, og þegar tekið er tillit til þess, og í annan stað galla þeirra, sem á húsinu eru, þá gjörist álag = Kr. ———— 15.00

2. Búr: 4 al. langt, 3 al. breitt, einar sperrur í miðju með bita og stöðum 2 al. háum. Einn lítill einnar rúðugluggi fylgir húsinu og hurð á járnum. Húsið er vel stæðilegt að veggjum; stæðir, sperrur og biti gott og ófúið, en ann=ars ~~má~~ húsið heita fallið að viðum. álag gjörist = Kr. ———— 8.00



3. Eldhús: 3½ al. langt, 3 al. breitt. Einar sperrur með bita og 1 stað 2½ al. ~~[illegible]~~ og staðarstúf hlóðamegin. 1 og 2 lang=bönd á hlið auk mænisstrúðu og rept á veggi af langböndunum. Húsið er vel stæðilegt að veggjum og viðum. En fyrir fyrningu gjörist álag = Kr. 2.00

4. Göng: frá baðstofudyrum, til bæjardyra, 7 al. löng, 1½ al. breið; tvennar sperrur, með einum mænisás og þétt rept af honum á veggi; hurð á járnum með þyli yfir ~~á miðri~~ innanvið bæjardyr fylgir göngunum. Veggir stæðilegir. Álag gjörist = Kr. ———— 3.00

5. Bæjardyr: ~~4~~ 5 al. langar, 2 al. breiðar. Þyl er framanundir húsinu, með hurð á járn=um, einum albita, ~~og~~ sperrum og 2 stöðum 2¼ al. háum. Aðrar sperrur eru í miðjum bæjardyrum á veggjum. 1 mænisás, langbönd 2 og 3 á hlið og þverrepti yfir. Norðurveggur er mjög snaraður til norðurs. Álag gjörist = Kr. 8.00

6. Fjós: 8 al. langt, 4½ breitt; með bæinásum og mænisás; 4 staðir undir vestur hlið 2 al. háar og 4 undir mænisás 3¼ al. háar. Undir austurhlið eru hálfstaðir, eða styttur í húsið

er einhalafjós fyrir 4 kýr. Velstæðilegt
að viðum og veggjum; nýbyggt að viðum
(byggt í fyrravor) en veggir 6 ára gamlir.
Álag gjörist = Kr. ——— 3.00

7. Fjárhús yfir 12 ær, suður á túni; húsið
tekur 20 kindur og á því jörðin 3/5 parta
af því. Húsið er vel stæðilegt að viðum
og veggjum. Álag gjörist að jarðarpartinum
= Kr. ——— 2.00

Ath. Sveinn Steinss. viðtakandi á 2 rapta í
húsinu, sem virtir eru á = Kr. 1.25.
Partur fráfaranda í sama húsi, er virtur = Kr. 4.75.

Álagið verður þá alls:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Baðstofu | = Kr. | 15.00 |
| 2. Búr | = — | 8.00 |
| 3. Eldhús | = — | 2.00 |
| 4. Göng | = — | 3.00 |
| 5. Bæjardyr | = — | 8.00 |
| 6. Fjós | = — | 3.00 |
| 7. Fjárhússpart | = — | 2.00 |
| Alls | = Kr. | 41.00 |

Uppí þetta álag er virt:

1. Rúms unagjörðir 2 í suðurenda baðstofu
með fjölum fr. stafni uppað bita og fjölum
í kringum baðstofuhurð = Kr. 4.00
2. Skemma frammá hlaði = — 15.00
3. Fjóshlaða = " — 18.00
4. Partur fráfaranda í kvígildishúsi = — 4.75

Alls = Kr. 41.75

Þeir 75 aurar, sem fráfarandi hefir látið
framyfir álag, jafnast í millireikningi
hans og viðtakanda.
Áður fylgdu jörðunni 2 kvígildi, en nú
fylgja henni aðeins 9 ær = 1½ kvígildi.
Kvígildis ærnar 9, að tölu, eru afhentar
viðtakanda í gildu lagi.

Úttektin upplesin og samþykkt.

Guðm. Davíðsson.
Hermann Þorsteinsson
Sveinn Steinsson
Ólafur Sveinsson
(handsalað)
Guðvarður Nikulásson

# XII. Hólar.

Ár 1901, þ. 31. d. Maim. var hrepp=stjórinn í Holtshreppi, ásamt úttektar=manni Herm. Jónss. á Reykjarhóli, til staðar á Hólum í Austurfljótum, til að taka út jörðina, þá er Jón Hermannsson skilar henni af sér sem fráfarandi, en enginn ábúandi tekur við henni. Eig=andinn annar að hálflendunni — Einar Jónsson á Brim=nesi — var til staðar, en hinn eigandinn — Snorri timburmaður Jónsson á Oddeyri — var ekki viðstaddur og hafði honum þó verið gjört aðvart. Fráfarandi var ~~[illegible]~~ viðstaddur. ~~Síðasta úttekt ekki~~ tilstaðar, ~~en úttekt~~ Úttektin framfór, eins og hér segir.

1. **Baðstofa**: 10 al. löng, 4¼ al. breið, 12 stoðir 1¾ al. háar; 5 sperrur; langbönd 4 og 5 á hlið og reisifjöl yfir úr gömlum borðum; al=bitar 2, skammbitar 3; 3 gluggar fylgja húsinu: 1, 2 rúðu, 1, 4 rúðu og 1, 6 rúðu=gluggi. Hurð á járnum á að fylgja baðstof=unni. — Gallar á húsinu eru þessir: Húsið er snarað til austurs dálítið, eink=um norðurendi; stoðir eru meira og minna fúnar. Lausholt, að vestanverðu sigið nokkuð, einkum í 3. stafgólfi;



lausholt eru og talsvert farin að merkj=ast veggjarmegin. Albitarnir meiga heita góðir, þótt feyskja sé nokkur komin í bita höfuð; skammbitar ekki fúnir, en fornir; sperrur fornar og farnar að feyskj=ast. Upprepti = reisifjölin öll meira og minna fúin. — Veggir að innan blautir og moldrunnir, en að utan vel staðilegir nema norðurvestafn, sem er sprunginn að neðanverðu. Þak vindblásið og brunnið á vesturhlið sunnanverðri. Álag gjörist = Kr. — 40.00.

2. **Búr**: 4½ al. langt, 3¼ breitt; þremur sperrur, 2 albitar, 6 stoðir 2 al. háar. langbönd 3 og 4 á hlið með smárepti yfir fornu; 1 einnar rúðu gluggi fylgir húsinu. Húsið má heita fallið að viðum, enda þótt sperrur sé lítt fúnar; veggir eru blautir og moldrunnir. Þak sólbrunn=ið, einkum á vesturhlið. Hurðarflak hjaralaust fylgir búrinu. Álag = Kr. — 14.00

3. **Eldhús**: 4¼ al. langt, 3½ al. breitt. 1 þver=biti um miðju, og er dvergur á honum upp undir mænir sá, en af honum er reft á veggi, með ~~fjöl~~ stoð yfir hlóðum; suðurvestafn snaraður inn í bæjardyr;

annars eru veggir vel stæðilegir. Þak skemmt. Álag gjörist = Kr. ——— 11.50.

4. Göng, frá baðstofudyrum, ~~fram fyrir~~ til eldhúsdyra: 7½ al. löng, 1½ al. breið. Einar sperrur með bita undir eru í húsinu; annars er það þverreft. ~~Viður~~ Hurð á járnum við dyrastafi fylgir. Viður er farinn að fúna í öllum göngunum og eru þau þó ekki nema fjögurra áragömul. Veggir eru blandir og moldrunnir; þak sólbrunnið. Álag gjörist = Kr. ——— 6.50.

5. Bæjardyr: 5 al. langar, 2 al. breiðar. Þrennar sperrur, 3 bitar, 4 stoðir 2¾ al. háar; 4 langbönd á hlið, fremra stafgólfi og smárefti yfir; þyl framan undir með hurð á járnum ~~og~~ lokulæstri. Innra staf=gólfi er mæniás og af honum reft á veggi; veggir fornir og moldrunnir; þó er norðurveggur verstur, því að hann er kominn til fjárans, dyramegin, þegar minst varir. Þak sólbrunnið og víða með áblæstra. Álag gjörist = Kr. — 12.00.

6. Fjárhús yfir 22 kindur, uppi á túni. 8 garðastæðir; tveir mænisásar; hálfstoðir undir ráptum í norður=hlið framanverðri. Húsið er ó=snarað; veggir vel stæðilegir, að öðru leyti en því, að suðurveggur virðist vera sprunginn og snaraður inn. Viðir ~~eru illt~~ mega heita góðir. Tvær hurðir á járnum eru fyrir húsinu. Álag gjörist = Kr. — 4.00.

Álag verður þá alls = Kr.:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Á Baðstofu | = | Kr. 40.00 |
| 2. — Búr | = | 14.00 |
| 3. — Eldhús | = | 11.50 |
| 4. — Göng | = | 6.50 |
| 5. — Bæjardyr | = | 12.00 |
| 6. — Fjárhús | = | 4.00 |
| Alls = Kr. | | 88.00 |

Uppí þetta álag = Kr. 88.00, er ekkert virt, að svo komnu, þar sem eigandi hálflendunnar Einar í Brunnesi, fór fram á það við fráfaranda, að hann leyfði töktum eignum sínum á jörðinni = húsum, ~~og~~ reimstæðum a. fl., að standa

yfir árið móti því, að hann þyrfti engu álagi að svara nú í vor. Sama samþykkti G. Dav., sem umsjónarmaður Snorra Jónssonar, við úttektina.
Annars hefir eigandi Einar Jónsson ekkert útá burtför Jóns Hermannssonar frá jörðinni að setja og G. Dav. ekki heldur.
Kvígildis ær 6 að tölu eru afhentar í gildu standi.
Úttektin upplesin og samþykkt.

Guðm. Davíðsson.
Hermann Þorsteinsson
Einar Jónsson
Jón Hermannsson

Vegna eiganda hálflendunnar
Snorra Jónssonar: Guðm. Dav.

Ath. Guðm. bóndi Pálsson á Háakoti tekur kvígildisærnar á leigu næsta fardagaár, fyrir 2 kr. hverja á og verða þær honum afhentar af Herm. Þorsteinssyni á R. hóli
G. Dav. E Jónsson Hermann Þorsteinsson



## XIII. Reykjarhóll

Ár 1901, 22. d. Júním. var hreppstjórinn í Holtshreppi til staðar á Reykjarhóli til þess, eptir ósk Hermanns Þorsteinssonar, að skrifa upp og lýsa húsum jarðarinnar, þá er hann hættir búskap á henni en Jón sonur hans tekur við henni, einnig til að vera viðstaddur samning fráfaranda og viðtakanda um álag á jarðarhúsin.
Fráfarandi og viðtakandi voru báðir viðstaddir.
~~Komu húsin fyrir eins og hér segir.~~
~~Baðstofa~~: — Úttekt fór engin fram, þegar fráfarandi kom að jörðunni fyrir 28 árum.
Komu húsin fyrir eins og hér segir:
1. Baðstofa: 10¼ al. löng, 6 al. breið, í 5 stafgólfum; 12 stafir 2 al. háar, 2 al. bitar, 4 skammbitar, langbönd 5, 6 og 7 á hlið auk mænistrádu og á langbönd reft með fjalvið þétt svo að hvergi sér í torf; laushalt lásuð saman. 4, fjögrarúðu gluggar og 1 tveggjarúðu fylgja húsinu; hurð á hjörum við dyrastafi.

Gallar á húsinu eru þeir sjáanlegir,
að yfirgrind er ofurlítið snöruð til
norðurs, ~~sögn~~ og kemur það af því, að
suðurstafn ýtir á hana; staðir er
ekki hægt að skoða, nema staðina
utanvið baðstofudyr og finst hún
ófúin en farin að feyskjast; bita=
höfuð og sperrutá næst sunnan við
baðstofudyr farið að fúna; fjalrepti
sömuleiðis sumstaðar; veggir góðir
en þak lélegt. Stoð í suðvesturhorni
~~fúin~~ er einnig sjáanleg og er farin að fúna
ofantil. 3 rúður eru brostnar í bað=
stofunni. Baðstofan er 6 ára gömul.
Samningur um álag á Baðstofu = Kr. 30.00

2. Búr: 4½ al. langt, 4½ al. breitt í tveimur
stafgólfum, 3 sperrur, 4 staðir 2¼ al. háar, 2 albit=
ar, 4 langbönd á hlið og smárepti yfir; annað lausholt auk=
ið en annað einlægt. hálf~~stafn~~ þyl=
stafn er að vestanverðu, en alstafn
úr torfi að austanverðu á milli búrs
og eldhúss; 1 einn tveggjarúðugluggi
er á hálfstafninum. Hurð á járnum fylgir
Gallar á húsinu eru: Lausholt að
norðanverðu brotið – það aukna –.
Viðir yfirleytt farnir að skemmast,



nema tvennar sperrur og nokkur
langbönd, sem er nýtt. Húsið er
tveggja ára gamalt og fylgir skrálæst hurð.
Samningur um álag á búrið = Kr. 6.00
3. Eldhús. 4½ al. langt, 6 al. breitt, í 2
stafgólfum; þrennar sperrur, 3 albit=
ar; 6 staðir 3 al. háar; 3 langbönd á
hlið auk mænisráðu; einlæg laus=
holt; smárepti er yfir langböndunum.
Húsið er 4 ára og gallalaust, að öðru
en því, að þak er lélegt.
Samningur um álag á eldhús = Kr. 2.00
4. Göng, frá baðstofudyrum til bæjardyra:
10 al. löng 1½ al. breið að innanverðu,
en 2¼ al. breið að framan; þverrept með
nýjum ræftum og langrept yfir með
gömlum; hurð á járnum fylgir. Veggir ágætir; þak nýtt.
Göngin gjörast ekkert = Kr. 0.00
5. Bæjardyr (áður talin fremri göng):
6 al. langar, 2¼ al breiðar; í 2 staf=
gólfum; 6 staðir 2¾ al. háar; 3 albit=
ar; 2 langbönd á hlið og smárepti yfir auk mænisráðu
þyl er framanundir ~~með tekin á járn~~ hurð á
með klinku og lokulæsti hurð á
járnum
Gallar á húsinu eru þeir, að það
er dálítið snarað framá hlaðið; viðir

farnir að skemmast, einkum langbönd; þil og hurð á þili; veggur að norðanverðu sprunginn inn á parti og moldrunninn. Þak börilegt. Álag gjörist = Kr. 6.00

6. Fjós: 8½ al. langt, 5¼ al. breitt; fernar kálfasperrur, 4 albitar; 4 stoðir ~~að norðanverðu~~ {að vestanverðu} 2 al. háar, en 2 stoðir 2 al. og 2 hálfstoðir; langbönd 4 á hlið og árefti yfir; ranghali til vatns fylgir fjósinu; laushólt einlæg. — Gallar á húsinu eru helztir þeir, að laushólt er sigið í miðju á norður hlið; árefti gamalt og skemmt. Hurð á hjörum fylgir fjósinu á milli ~~fjóss~~ {þess} og eldhúss. Veggir eru stæðilegir ~~en~~ þak lélegt. Álag gjörist = Kr. 12.00
Fráfarandi á einn bás í fjósi, þar sem ~~Álag verður þá alls:~~ fjósið er nú yfir 6 kýr, en var áður yfir ~~1. Á baðstofu~~ 5 kýr.

7. Kvígildishús, yfir 12 ár. — Húsið er ekki til í því formi, sem var, þá er fráfarandi tók við jörðunni; vísar hann til 3/8 parta í 32 kinda húsi suður og niður á túni — yzta húsi. Álag á þessa 3/8 parta í húsinu er gjört = Kr. 2.00

Álag verður þá alls:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. Á baðstofu | = | Kr. | 30.00 |
| 2. — Búr | = | — | 6.00 |
| 3. — Eldhús | = | — | 2.00 |
| 4. — Göng | = | — | " " |
| 5. — Bæjardyr | = | — | 6.00 |
| 6. — Fjós | = | — | 12.00 |
| 7. — Kvígildishús | = | — | 2.00 |
| Alls | = | — | 58.00 |

Uppí þetta álag er ekkert virt, að svo stöddu, en hreppstjóri lofar að gjöra það seinna, ef hlutaðeigendur óska þess.

Þar sem fráfarandi ekki sagði ~~eigi~~ jörðunni lausri á réttum tíma, þá fer umboðsmaður ~~frá~~ eiganda — Guðm. Dav. — fram á það, að hann hafi jörðina í umsvari sínu, þangað til hann segir henni löglega lausri.

Úttektin upplesin og samþykkt.

Guðm. Dav. Hermann Þorsteinsson
Jón Hermannsson

# XIV. Hringur.

Ár 1902, þ. 9. d. Júním. var hreppstjórinn í Holtshreppi, staddur að Hring í Stíflu, ásamt úttektarmanni Hermanni Þorsteinssyni á Reykjarhóli, til að meta leiguliðabót fyrir síðastliðið ár.

Leiguliðabót yfir árið verður þetta:

| | | |
|---|---|---|
| á Baðstofu | Kr. | 7.25 |
| — Búr | | 1.50 |
| — Eldhús | | ,50 |
| — Göng | | 1.00 |
| — Bæjardyr | | 1.00 |
| — Fjós | | 1.50 |
| — Fjárhús | | 1.50 |
| Samtals | | 14.25 |

Leiguliðabót á þau hús, og annað fleira, sem virt var uppí álag var metið þetta:

| | | |
|---|---|---|
| ½ fjárhús | Kr. | 1.00 |
| Skála | | 1.50 |
| Þiljur [?] í baðstofu | | 2.00 |
| Skellihurð | | 25 |
| | | 19.00 |



Viðtakandi segist ánægður með upphæð þessa og lofar G. D. að fyrir eiganda hönd, að standa honum skil á kr. þessum.

Úttektargjörðin enduð.

Guðm. Davíðsson
Hermann Þorsteinsson
Friðrik Magnússon
(viðtakandi)

# XV. Hrúthús.

Ár 1903, þ. 23. d. Maim. var hreppstjórinn í Holtshreppi, ásamt úttektarmanni Hermanni Þorsteinssyni á Reykjarhóli, staddir í Hrúthúsum til að taka út nefnda jörð, þá er Einar Halldórsson fer frá henni en Gísli Gíslason tekur við. Báðir fráfarandi og viðtakandi voru viðstaddir.

Fór svo úttektin fram eins og hér

greinir.

1. Baðstofa: Húsið er jafnt á stærð, og í seinustu úttekt (bls. 9. hér að framan), þó hefir það verið byggt fyrir 2 árum að nýju að viðum; ~~að mestu leyti~~ ennfremur var austurveggur byggður að nýju. Húsið er nú undir skarsúð, hjargaðri að utan undir þak; þrír eru gluggar nú á húsinu — 2 stórir 4 rúðu gluggar á vesturhlið, einn og var — en þó stærri — og 1 tveggja rúðu gluggi stór á austurhlið; tvöföld glugga= trog eru við hvern glugga og lagt ~~þar~~ ofaná þau, að utan þakpappi undir torfið, til að fyrir byggja leka. ~~Annars er húsið~~ Húsgrindin er jafnstór og viðamörg og hún var. Húsið er nú þiljað í hólf og gólf og eru 7 ~~gólf~~bitar undir gólfinu. Þak er gott og veggir allir. Gallar sjást engir á húsinu en fyrir fyrningu yfir þessi tvö síðustu gjörist fyrra árið 2.50 en seinna árið 3.50 = Kr. = 6.00.



2.3. Búr og Eldhús (og göng). Sú breyting er orðin á þeim húsum að nú eru þau undir einu risi og með einni grind og nær innað kompu ~~dyr~~ þilinu. Allt er hús þetta 10 al. langt og 4 al. breitt. Sperrur fimm, al bitar 3; langbönd 4 og 6 á hlið og árefti yfir fjala árefti í búri en raftar í eldhúsi og ganginum; staðir eru í búrinu 2½ al. í ~~búri~~ en 2¼ al. í eldh.; tvær stoðir í vestanverðu eldhúsi eru á stöplum. ~~Staf~~ 1 tveggja rúðu gluggi fylgir nú búrinu. Stafninn sem áður var á milli búrs og eldhúss er nú burtu tekinn en þil komið í hans stað. Þil þetta er úr gömlum fjölum. Þótt svo sé að vísu að stafninn sé nú enginn, og eigandi gæti máské þessvegna uppá klagað, þá sýnist úttektarmönnum svo mikil húsabót að þeirri breytingu og því hve húsin eru vel um vönduð að hreppstjóri tekur að sér

þeggjast fráfaranda fyrir ~~kaun~~ þylið með Kr. = 2.50.
Grindin er dálítið snöruð til norðurs og
veggir fornir; einkum er veggurinn
á milli fjóss og eldhúss ljótur og blautur.
álag á bæði þessi hús er = Kr. 9.50

4. Bæjardyr — innað eldhússþyli eða gangin-
um, sem áður er nefndur. 3 al. ~~breidar~~
langar og 2 al. breidar. Nú eru tvennar
sperrur í húsinu með lausholtum og stoðum
og langböndum yfir með árefti og þyli
framanundir með hurð á járnum með klinku.
Húsið er nýlega byggt og vel stæðilegt að öllu leyti.
álag gjörist. = 1.00

5. Kvígildis hús út og upp á velli (sydrahús hálft)
með sömu ummerkjum og í seinustu út-
tekt, en fyrir fyrningu gjörist álag = Kr. 2.00

Álag alls:

| | | |
|---|---|---|
| á Badstofu | = | Kr 6.00 |
| - Búr, eldhús og gang | = | 9.50 |
| - Bæjardyr | = | 1.00 |
| - Fjárhús hálft | = | 2.00 |
| | = | Kr. 18.50 |



Af því sem fráfarandi á í húsum o.fl.
er virt Gísla til handa:

| | | |
|---|---|---|
| 1. þyljur innaní badstofu, með 3 rúmstæðum og tveimur skápum og gólfi (síð undanskilin) | = Kr. | 45.00 |
| 2. Fjós, þriggja kúa | = | 18.00 |
| 3. Ytra fjárhús | = | 16.00 |
| 4. ½ sydrahús | = | 8.00 |
| 5. Skemma | = | 20.00 |
| 6. Hesthús | = | 7.50 |
| Alls | = Kr. | 114.50 |

Mismunurinn á álaginu og upphæð þess-
ari = Kr. 96.00, borgar Gísli í milli =
reikningi fráfaranda og viðtakanda.
Kvígildis ær 6 verða afhentar viðtakanda
í fullgildu lagi.

Ath. Stafur sá er var norðanundir baðstof-
unni er nú enginn, en í hans stað er þyl-
stafur úr gömlum fjölum með einum
sperrum, bita og stoðum og hurð á járn-
um; og að auki reft kompa á milli þess
stafns og baðstofuþylsins.

hreppstjóri kaupir jörðunni til hand-
gluggan, sem er á austurhlið baðstofu
á Kr. 3.00 [redacted] Skuldar því eigandi Einari
= Kr. 5: 50.

Úttektargjörðin endud, upplesin og
samþykkt.

Gudm. Davidsson

Hermann Þorsteinsson

Einar Halldórsson

Gísli Gíslason

XIV. Stóralbrekka

Ár 1903. þ. 6. d. Júnim. var hreppstjór-
inn í Holtshreppi og úttektarmaður
Hermann Þorsteinsson á Reykjarhóli
til staðar á Stórubrekku, til að taka
út jarðarhúsin og ~~virða~~ meta álag á þau
og virða uppí álag framvísað amun
Jón Þorláksson á Hóli í Siglufirði við-
viðstaddur fyrir hönd eiganda hálf-
lendunnar Þorláks bónda Einarssonar



á Unastöðum; fráfarandi Jón Magn-
ússon, var og viðstaddur og vegna við-
takanda Gudm. bóndi Bergsson á
Þrasastöðum.

Fór svo úttektin fram eins og
hér segir:

1. Baðstofa: Með sömu stærð og sömu
ummerkjum og í seinustu úttekt
21. Mai 1901. Gallar á húsinu virðast
vera þeir sömu og á seinustu úttekt
eru nefndir en þó er auðsæ aftur-
för á stöðum og að viðir fyrnast
eðlilega ár hverju, þegar engu er nýju
viðbætt. 4 rúður brotnar í frambað-
stofugluggunum. Þak trosnað nokkuð,
einkum á austurhlið; veggir staði-
legir. – Álag gjörist = Kr. 38.00
2. Eldhús: Með sömu stærð og í úttekt
1900. Húsið hefir fengið nýtt þak
síðan og 1 nýrri stoð hefir verið bætt
undir dyratré; samt sem áður verður
vegna fyrningar gjört álag = Kr. 3.00

3. Göng: Með sömu lengd og breidd og var í úttekt 1900. Ábúendurnir hafa rifið ofanaf innri parti gangnanna og bætt í þann part viðum. Veggir og þak dágott. Álag = Kr. 8.00

4. Bæjardyr: Sama stærð og í úttekt 1900. Ekkert hefir verið gjört við húsið. Álagsauki fyrir fyrningu 2 kr. álag = Kr. 10.00

5. Fjós. Sama stærð og í úttekt 1900. Fráfarandi hefir sett 3 stoðir ~~undir~~ í húsið á þeim parti, sem hann hefir ~~bru~~ notað ~~af húsinu~~. Þakið hafa ábúendurnir fjósið í sameiningu ~~ála~~ Húsið er lakast að austanverðu og eru þeim göllum lýst í úttekt 1900. álag gjörist = Kr. 18.00

6. Búr. Ábúandinn á annari hálflendunni Bogi Jóhannesson hefir notað húsið eingöngu og virðist því eigi vera þörf á að meta álag á það fyr en hann fer frá hálflendunni.



Álag er þá metið alls:

| | | |
|---|---|---|
| 1. á Badstofu | = Kr. | 38.00 |
| 2. — Eldhús | = — | 3.00 |
| 3. — Göng | = — | 8.00 |
| 4. — Bæjardyr | = — | 10.00 |
| 5. — Fjós | = — | 18.00 |
| alls | = Kr. | 77.00 |

Af þessari upphæð á fráfarandinn að borga helminginn af álaginu á badstofu, eldhús, göng og bæjardyr = Kr. 29.50 og af álaginu á fjósið 8.50 eða alls Kr. 38.00.

Uppí álag þetta er virt:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Rúmsumgjörðir 3 í badstofuhúsi og allar þiljur í sama húsi, að meðtöldu skilrúmsþili í badstofunni, með hurð á járnum | = Kr. | 21.00 |
| 2. Skilrúm í fjósi | = — | 2.00 |
| 3. Búr | = — | 12.00 |
| 4. Skáli sunnan bæjardyra | — | 24.00 |
| 5. Hesthús | = — | 7.00 |
| alls | = | 66.00 |

Mismunurinn — Kr. 28. borgast í millireikningi fráfaranda og við-

takanda. 6adtölu
Kvigildis eru afhentar í gildu lagi.
Jón bóndi Þorláksson lætur þess
getið, að fjárhús (20 kindahús) sunnan=
við lækinn, uppundan bænum verður hér
á eptir jarðarinnar eign og verður því
við seinni úttektir tekið tillit til þess,
þegar álag verður lagt á jarðarhúsin.
Úttektargjörðin lesin og samþykkt.
Guðm. Davíðsson.
Hermann Þorsteinsson
Guðmundur Bergsson
(fyrir hönd viðtakanda)
Jón Magnússon
Jón Þorláksson
XV. Hólar.
Ár 1903, þ. 6. d. Júní var hreppstjórinn í
Holtshreppi staddur á Hólum í Austurfljótum,
ásamt úttektarmanni Hermanni Þorsteins=
syni á Reykjarhóli, til þess, að taka út


jörðina, þegar Jón Magnússon tekur
við henni, en Guðmundur Ásmundsson
skilar henni. Jörðin hefir staðið í eyði
síðan síðast var tekið út (1901) en
ofannefndur Guðm. Ásmundsson hefir
keypt jörðina alla og afhendir hana
því sem eigandi, en ekki sem frá=
farandi. Samt sem áður hafði við=
takanda og eiganda komið saman um,
að kveðja úttektarmenn, til að meta
fyrningu á jarðarhúsunum fyrir
tvö síðastliðin ár og vera við samn=
inga þeirra, hvað það snerti a. fl.
Jón bóndi Hermannsson, seinasti frá=
farandi var til staðar við úttektina.
Kom þá til álita:
1. Baðstofa. Húsið er í sama formi sins
og seinasta úttekt sýnir. Gallar á hús=
inu eru þeir sömu, sem þá er lýst, en
hafa vitanlega ágerst mikið; sérstaklega
er þak slæmt, og gluggar meiga heita
ónýtir. Álag gjörist = Kr. 57.50.

2. Búr. Í sama formi og var við seinustu úttekt. Húsið er alveg nýbyggt þaðan að segja, það hefir verið gjört við veggi dálítið og bætt nokkru við af nýjum viðum; það nýtt. Eigandi lofar að setja glugga á húsið nú í vor og sömuleiðis dyraumbúning með hurð. En fyrir fyrningu á veggjum viðum gjörist álag = Kr. — 4.00

3. Eldhús: Húsið hefir verið bætt að veggjum fjós megin og ~~[illegible]~~ ~~um~~ ~~bráðum~~ tálfrí. Stað um 4 ætlar eigandi ~~[illegible]~~ að bæta í eldhúsið. Álag = Kr. 4.00

4. Göng. Hafa verið ~~hækkaðar~~ ar upp að framan og það nýtt, en annars eru göngin þau sömu að viðum. Álag gjörist = Kr. 5.00

5. Bæjardyr. Sama stærð og áður. Norðurveggur hefir verið gildingaður upp og nokkru bætt við af viðum. Það nýtt. Álag = Kr. 5.00

6. Fjárhús; kvígildishús; í sama formi og áður; raftar brotnir; rafta vantar; garðabönd vantar; álag = — Kr. — 9.00

Álag verður því alls:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. á | baðstofu | = Kr. | 57.50 |
| 2. — | búr | = — | 4.00 |
| 3. — | eldhús | = — | 4.00 |
| 4. — | göng | = — | 5.00 |
| 5. — | Bæjardyr | = — | 3.00 |
| 6. — | Fjárhús | = — | 9.00 |
| | Alls | = Kr. | 84.50 |

Uppí þetta álag er metið:

| | | |
|---|---|---|
| Skemma framá hlaði | = Kr. | 18.00 |
| Geymsluhús | = — | 11.00 |
| Fjóshlaða | = — | 30.00 |
| Fjós | = — | 14.00 |
| 4 rúmsumgjarðir í baðstofu og syllur uppað laus holtum og stafnlitum | = | 11.00 |
| Samtals | = — | 84.00 |

Afganginn lofar eigandi að borga viðtakanda í millireikningi þeirra.
Jón bóndi Hermannsson er laus við það álag, sem honum var gjört, þegar hann fór frá Hólum, og verður ekki krafinn

um það framar en orðið er.
Kúgildis-ærnar 6 að tölu eru afhentar viðtakanda í gildu lagi
Úttektargjörðin upplesin og samþykkt

Guðm. Davíðsson.
Hermann Þorsteinsson
Jón Magnússon
Guðm. Ásmundsson
Jón Hermansson

## XVI. Slétta

Ár 1903, þ. 8. júní, var hreppstjórinn í Haltshreppi staddur á Sléttu, ásamt með úttektarmanni Hermanni Þor=steinssyni á Reykjarhóli til þess að taka út jörðina og meta álag á hana, þegar Björn Sölvason skilar henni en Ólafur Sveinsson tekur á móti henni. Eigendum hafði verið gjört aðvart um það hvenær úttektin skyldi fara fram, en hvorugur þeirra var viðstaddur. Fráfarandi og viðtak=andi voru báðir viðstaddir.

Komu þá húsin fyrir, eins og hér segir.

1. Baðstofa. 11 al. löng 5½ al. breið, í 6 stafgólfum; 7 sperrur; 14 stoðir 2 al. háar; með einlægum langsholtum, albitar 2; skammbitar 5; 10 og 11 lang=bönd á hlið, en ekkert árefti yfir; 3 fjögra rúðugluggar eru nú á baðstofunni; hurð á járnum er fyrir húsinu og fylgir. Gallar á húsinu eru engir verulega sjáanlegir aðrir en þeir, að stoðir eru farnar að merkjast að neðan, einkum á vesturhlið. Langbönd eru flest gömul og farin að feyskjast. Gluggar voru áður 4 (1, 4 rúðugluggi, og 3, 2 rúðugluggar) en fyrir það, að nú virðast gluggar þessir vera betri, að öllu samanlögðu, en þeir, sem áður voru, þá verður þessi gluggabreyting ekki að koma til greina hvað álag snertir, þak troðnað. Veggir eru nýlegir

og vel stædilegir; adeins nordurstafn er gamall og situr við það sama, og var, enda ordinn mjög óásjálegur að innanverðu. Stafninn hefir ~~verið~~ það verið hakkaður að mun, sins og annars öll baðstofan er hærri en áður var.
Álag gjörist = Kr. 16.00

2. Búr: 6½ al. langt, 3½ al. ~~breitt~~, undir einum mænisás og einni stoð undir miðju; annars eru ás endar á stöfnum. Norðurveggur er siginn inn í húsið og þarf bráðlegrar aðgjörðar við. Viðir meir og minna ~~fuso~~ fúnir og feysknir.
Álag gjörist = Kr. 7.50

3. Eldhús: 7 al. langt, 3½ al. breitt með 3 um sperrum, 6 stoðum, 3 ur albitum, reft af sperrum á ~~stafna~~ suðurstafn; Laushólf eru í húsinu; fráfarandi hefir rifið ofanaf húsinu og bætt viðum í það að nokkru (einum sperrukjálka).
Álag gjörist = Kr. 2.50

4. Göng: 8½ al. löng, 1¼ al. breið; fráfarandi hefir rifið ofanaf göngunum, fyrir 4 árum, sett einar sperrur inst í þau og síðan einlægan ás framfyrir búrdyr. Fremsti partur gangnanna er óhreyfður. Af þessum ás er þver reft á nordur vegg. Veggir stædilegir, nema hvað norðurveggur innanvið búrdyr er sprunginn. þak viðunandi. ~~Álag gjörist = Kr.~~ Göngin hafa verið hakkuð til muna.
Álag gjörist = Kr. 5.00

5. Bæjardyr. 5½ al. langar og 3½ breiðar 3 ar sperrur, 6 stoðir 2¾ al. hæð; einlæg laushólf, 3 bitar, 4 langbönd á hlið auk ásellu og mænitróðu, og árefti á þeim. þyl með klinku og loku ~~~~ læstri hurð er framanundir. ~~~~ Gallar á húsinu eru þeir, að miðsperra að nordanverðu er brotin og mænitróða í báðum stafgólfunum; stoð í suðvesturhorni er sigin. Aptur hefir fráfarandi sett nýjar vindskeiðar á húsið. Álag = Kr. 4.00

6. Fjós: Yfir 6 nautgripi; einhalafjós 6 sperrur; 12 stoðir; 6 albitar; 1 skammbiti; 8 langbönd á hlið, til jafnaðar;

hurð á járnum, á milli ~~baðs~~ fjóss
og eldhúss, fylgir húsinu, enn fremur
ranghalar tveir, til lækjar og útidyra
báðir hurðarlausir. Fráfarandi
hefir byggt húsið fyrir fremur árum
og hlóð nýjan austurvegginn og
part af suðurstafni, bætti einum
albita í húsið og bætti ~~mæninum~~
það að öðru leyti mjög að viðum;
en þegar tekið er tillit til þess, að allur
austurveggurinn er mjög fram á hlaðið snaraður,
vesturveggurinn moldrunninn, að
innanverðu, þak trosnað ~~og~~ einn sperrukjálki
brotinn í suðvestur horni og fleira
af viðunum farið að fyrnast, þá
gjörist álag — Kr. 15.00

Álag verður þá alls

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Á Baðstofu | = | Kr. | — | 16.00 |
| – Búr | = | — | — | 7.50 |
| – Eldhús | = | — | — | 2.50 |
| – Göng | = | — | — | 5.00 |
| – Bæjardyr | = | — | — | 4.00 |
| – Fjós | = | — | — | 15.00 |
| Eða alls | = | Kr. | | 50.00 |

No 2. í jarðarhúsunum, virðist vera
með öllu óhæfilegt sem búr, enda
hefir það eigi verið notað til þess í
mörg herrans ár; aptur hefir verið
annað hús á jörðinni, sem notað
hefir verið sem búr. Jafnvel þó
hvorugur eigandi ~~sé~~ viðstaddur,
þá virðist öllum viðstöddum
(þar á meðal Bergi Jónssyni á Þrasa=
stöðum, sem hafði frá annars sig=
andans hálfu verið beðinn að vera
við úttektina, en kom ekki fyr
en úttektargjörðin var byrjuð)
það heppilegast, að eigendurnir
hefði búraskipti þannig, að frá
farandi borgaði 4 kr. í álag til
viðtakanda og viðtakandi borgaði
eigendum þar að auki 4 kr. fyrir
viðinn í gamla búrkofanum
eða alls til eigendanna 8 Kr.
Nýja búrið er virt á = Kr. 23.00.
Eiga því eigendurnir að borga
fráfaranda = Kr. 15.00. Ætlar hrepp=
stjóri að tala um þessa breytingu
við eigendurna. Álagið verður
þá 3.50 Kr. minna eða alls = Kr. 46.50

Uppí þetta álag er virt:

1. þyljur innanum baðstofuhús, með tveimur rúmstæðum og þyli fyrir framan með skrálæstri hurð á járnum og bindingi framan undir þylinni; ennfremur gluggakistu í húsinu á = Kr. 35.00
2. 4 rúms umgjarðir í (fram) baðstofu með öllum þyljum og tveimur glugga: trogum á = Kr. 11.00
3. Skilrúm öll í fjósi = Kr. 4.00
4. Skemma úti á hlaði = — 13.00
5. Skemma frammi á hlaði = — 28.00
6. Hesthús suður á túni = — 4.50
7. Hús ofan við bæ = — 42.00
8. Hús úti á túni = — 20.00
9. Kofi úti á túni = — 4.50

Samtals = Kr. 164.00

Mismunurinn = Kr. 117.50, jafnast í millireikningi viðtakanda og fráfaranda. Kúgildis ærnar eru afhentar viðtakanda í gildu lagi.

Úttektargjörðin upplesin og samþykkt

Guðmundur Davíðsson

Hermann Þorsteinsson. Björn Sölvason (handsalað)

Ólafur Sveinsson (handsalað)

Ár 1904, þann 1. júní, var hreppstjórinn í Holtshreppi staddur á Knappstöðum í Stíflu, ásamt úttektarmanni Hermanni Þorsteinssyni á Reykjarhóli, til þess, að taka hana út og meta álag á hana, þar er Ingibjörg Gísladóttir, ekkja Bergs heitins Eiríkssonar skilar henni, en Jón bóndi frá Nefstaðakoti tekur hún. Vegna viðtakanda ~~fráfaranda~~ var viðstaddur Guðm. bóndi Þrasarstöðum Bergsson frá fráfaranda bóndi á Gautastöðum er frá ~~eigandanum~~ hendi ~~Ólafur~~

Jafnvel þó sóknarpresturinn væri ekki kominn á staðinn er úttektin byrjaði, þá hefst hún jafnt fyrir því, þar sem búið var að gjöra honum aðvart um úttektardaginn. Gömul úttekt var engin til staðar. Komu þá húsin til sýnis og álits, eins og hér segir.

1. Baðstofa: 8 al. löng. 5½ breið. 2 álbitar, 2 skammbitar, fernar kálfa sperrur, 8 stafir 2 al. háar; 3 langbönd á hlið, auk á fellu, og reisifjöl utanyfir. Þrír tveggja rúðu

gluggar, með gluggtrogum, fylgja húsinu. Þylstafn er vestanundir baðstofunni; á milli hennar og stafnsins. Veggir allir moldrunnir og lítt nýtir utan og innan; þak lélegt. Einlaglausholt en lítt nýtt. ~~Álag gjörist ö.00~~

Húsið er virt sem nýtt:

| | | |
|---|---|---|
| Veggir c. 8 faðmar á 9/00 | = | 72.00 |
| þak | = | 20.00 |
| Afviðir | = | 45.00 |
| Reisifjöl | = | 23.56 |
| Þylstafn | = | 6.93 |
| Gluggar | = | 7.51 |
| Eða alls | = kr. | 175.00 |
| Þar við bætist hurð á járnum og dyrastafir | — — | 3.00 |
| | = | 178.00 |

Álag á húsið verður, eptir mati

| | | |
|---|---|---|
| á veggi | = 50.00 | |
| — þak | = 10.00 | |
| — viði | = 30.00 | = 90.00. |

2. Búr: Lengd 5½ al.; breidd 3½ al.; 6 staðir 2½ al. háar; þremnar sperrur, með 2½ al. kjálkum; 3 albitar; 3 syllur, í stað lausholta. Langbönd 4 á hlið, auk mænitróðir+; þyl + og gamalt árepti



fyrir húsinu fram í göngin; hurð skrálæst á járnum er fyrir húsinu; 1 tveggja rúðu gluggi er á húsinu; norðurveggur og Austurstafn er nýtt. Suðurveggur – sá á milli búrs og baðstofu er gamall og moldrunninn; þak slæmt.

Álag gjörist = Kr. 20.00

3. Eldhús: Lengd 5 al.; breidd 3½ al.; 6 staðir 2½ al. Kálfasperrur; 3 albitar; syllur í stað lausholta; langbönd 3 á hlið, með góðu árepti, þó gamalt sé; veggir vel staðilegir; þak slæmt. Viðir virðast fremur góðir. Álag = Kr. 8.00

4. Skemma utan bæjardyra: lengd 5½ al. br. 3½ al. þremnar Kálfasperrur; 6 staðir 2¾ al.; 3 albitar; syllur í stað lausholta; slæmt árepti; hurð fyrir ~~er~~ húsinu, á járnum, inní göngin fylgir. Útihurð fylgdi húsinu áður en er nú aftekin og hefir verið sett nýtt þyl í staðinn. 3 langbönd eru á hlið og árepti. Veggur til bæjardyra er slæmur og moldrunninn; Annars er húsið staðilegt.

Álag gjörist = Kr. 12.50,

5. Göng: frá stofudyrum til bæjardyra og frá bæjardyrum til eldhúss – þau fyrri 3½ al. löng, hin seinni 4 al. löng. þver og langrept; hurð á járnum er í göngun-um stofumegin. Raptar gamlir og feysknir. Einkum eru eldhúsgöngin slæm, því að einn raptur er mjög siginn niður og virðist stafninum á milli eldhúss og skemmu hafa klofn-að þess vegna. þak lélegt.

Álag = Kr. 8.00.

6. Bæjardyr: lengd 8 al.; breidd 3¼ al. þrennar sperrur; 3 albitar; 6 staðir 2 al 21"; langbönd 3 og 4 á hlið; syllur í stað lauð-holta; þyl, með aurstokk og hurð á járn-um með klinku og loku framanundir. Veggurinn á milli bæjardyra og skemmu er slæmur og gamall. Langbönd eru gömul og feyskin og sér mikið á viðum.

álag gjörist = Kr. 15:00.

7. Stofa: lengd 5½ al.; breidd 5½ al.; 3 albitar;



tvennar kálfasperrur; 4 staðir 3¾ al.; langbönd 4 á hlið með reisifjöl; innan-um húsið eru þyljur allt í kring ofan að mið-syllu – að syllunni með taldri; gólf er í hús-inu og hurð fyrir lás læst og á járnum veggir lasnir; þak ónýtt.

Álag gjörist = Kr. 60.00

8. Kvígildis hús suður og upp á túni, fyrir 18 ær: 7 garðastaðir undir ásunum, sem þó eru báðir bæklaðir; 11 máttarraptar á hlið; liggja þeir á annari hliðinni á veggjum, en hinum megin á brun-ás, en hann liggur aptur á vegg; þver-repti er yfir ~~ásunum~~ máttarröptunum; 20 smáraptar á milli ása; garðastokk-ar með garðaböndum; húsið snarað til suðvesturs; hurð á járnum er fyrir húsinu; kamparnir sprungnir; þak lélegt. Álag gjörist = Kr. 10.00

9. Fjós, fyrir 8 kýr; 4 staðir undir veggjum 2 al. háar; 6 flórstaðir 3/4 al. 2 ásar liggj-andi á stöfnum með 16 smáröptum;

21 máttar raptar á hlið, 2 langbalk einlæg, ranghali, lang og þverraptur, með tveim hurðum á járnum, við dyrastafi. Veggir stæðilegir, þak nýlegt.
álag = ——— Kr. 24.00

Álag er þá alls:

| | | |
|---|---|---|
| 1. á Baðstofu | = Kr. | 70.00 |
| 2. — Búr | = — | 20.00 |
| 3. — Eldhús | = — | 8.00 |
| 4. — Skemmu | = — | 12.50 |
| 5. — Göng | = — | 8.00 |
| 6. — Bæjardyr | = — | 15.00 |
| 7. — Stofu | = — | 50.00 |
| 8. — Kvígildishús | = — | 10.00 |
| 9. — Fjós | = — | 24.00 |
| Eða alls | = | 247.50 |

Uppí þetta álag er virt:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Hesthús | = Kr. | 12.00 |
| 2. Fjárhús | = — | 26.00 |
| 3. Skemma | = — | 20.00 |
| 4. Kofi utan skemmu | | 6.00 |
| 5. Skilrúm í fjósi | = — | 5.00 |
| 6. Þiljur í Baðstofu með borði og hyllum | = | 28.50 |
| Flyt | = | 97.50 |



Flutt = Kr. 97.50

| | | |
|---|---|---|
| 7. Rúm umgjarðir 3 í baðst. með litlu borði | = | 6.50 |
| 8. Baðstofudyraskúr, fyrir utan hurð og dyrastafi | = | 2.00 |
| Alls | = | 106.00 |

það sem vantar uppá álagið = Kr. 141.50 borgast í millireikningi fráfaranda og viðtakanda.
Kvígildið afhendist viðtakanda í gildu lagi.
Úttektin endar sama dag og fyr segir

Guðm. Davíðsson
Hermann Þorsteinsson
Guðmundur Bergsson
Ólafur Jónsson

Athugasemd. Eptir að tekið var út sannaðist það, að jörðunni tilheyrir svonefndur baðstofudyraskúr, en eigi fráfaranda og á því viðtakandi hjá dánarbúinu = Kr. 143.50, í stað Kr. 141.50.
Hraunum 14. Október 1904
Guðm. Davíðsson

Ár 1904, þ. 2. Júní var hreppstjórinn í
Holtshreppi staddur á Bergshyl, ásamt út-
tektarmanni Hermanni Þorsteinssyni á
Reykjarhóli, til þess að skoða jarðarhús og
meta álag á þau, þegar Jón Halldórsson
fer frá jörðunni en Sigurjón Sigtryggsson
tekur við henni. Fráfarandi og viðtak-
andi voru báðir til staðar. Hreppstjóri
gætir hagsmuna eiganda.

Fór svo úttektin fram eins og hér segir:

1. Baðstofa: Með sömu ummerkjum og í sein-
ustu úttekt (1. Júní 1900; bls. 21.). Ekkert hefir
verið gjört við húsið hvorki að viðum né
veggjum. Gallar þeir sömu sem þar eru
nefndir; þó ~~tst~~ finnst að auki talsverður
fúi í ~~[illegible]~~ annari sperru til á vesturhlið
og merkja í hornstað að norðan undir
sömu ~~vestur~~hlið, sömuleiðis í suðvesturhornstað; bitahöfuð norðan við baðstofu-
dyr er farið að snarast til austurs og þar
sperrurnar farnar að gliðna; allar stoðir
á austurhlið eru farnar að fúna að neðan.



árepti í norðurenda baðstofu blautt
og allt er það farið að feyskjast. Einn
sperrukjálki á vesturhlið er farinn að
fúna í táina. Álag gjörist = kr. 43.00

2. Búr: Húsið er með sömu stærð innan veggja
og var = 4 x 4 al. en fráfarandi hefir byggt
húsið að nýju að viðum og hlaðið veggi.
Nú er lýsing á húsinu þannig, að stafir eru
6 og 2½ al. á hæð; sperrur þrennar með 2¾
al. kjálka; þó eru vestast kálfasperrur,
Langbönd 4 og 5 á hlið með reisifjöl; 2 al-
bitar. Hálfstafn er úr fjölum að vestan,
með gluggagati á. Jafnvel þó ekkert
skilrúm sé á milli búrs og skála, þá
virðist það ekki geta aukið álag, þar
sem áður var aðeins hálf torfstafn og
hann mjög lélegur. Enda þótt þak sé lé-
legt á suðurhlið þá er samt vegna þess
hve húsið hefir tekið miklum bótum,
það látið vera álagsfrítt = kr. " "

3. Eldhús: Með sömu stærð eins og í fyrgreindri
úttekt. Gallar á húsinu eru hinir sömu og
þar eru nefndir. Þak er troðnað til muna
Álag gjörist = 8.00

4. Bæjardyr: Með sömu um merkjum og í seinustu úttekt; ekkert hefir verið gjört við húsið og engu breytt. Þak er ónýtt á austurparti suðurhliðar.

Álag gjörist = 2.00

5. Göng: Með sömu um merkjum og áður var ~~agauna~~ að öðru leyti en því, að fráfarandi hefir rifið ofan af veggjum ~~þeim~~ og nokkað ~~veggina~~. Ennfremur hefir hann sett nýja planka sterka undir dverg=ana. Aptur á móti er langásinn hinn sami, enda grautfúinn á einum stað og þverbrotinn. Veggir og þak ~~..~~ bærilegt. Álag gjörist = Kr. 5.50.

6. Fjós: Með sömu stærð og í seinustu úttekt. Fráfarandi hefir rist ofan af vesturhlið og bætt í nokkrum ráftum. En þar sem það er þeim megin, eins og áður var rept á veggjum þá eru raptar þeim megin meir og minna fúnir í veggjarendanum; einn rapt vantar á þá hlið. Álag gjörist = Kr. 10.50.

Álag er þá alls =

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. Á Baðstofu | = | Kr. | 43.00 |
| 2. – Búr | = | – | " " |
| 3. – Eldhús | = | – | 8.00 |
| 4. – Bæjardyr | = | – | 2.00 |
| 5. – Göng | = | – | 5.50 |
| 6. – Fjós | = | – | 10.50 |
| Eða alls | = | Kr. | 69.00 |

Uppí þetta álag er virt:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. Þylgjur uppað bitum í baðstofu og 3 rúmstæði | = | Kr. | 10.00 |
| 2. Búrkofi | = | – | 9.00 |
| 3. Skáli | = | – | 24.00 |
| 4. Hesthús | = | – | 3.75 |
| 5. Fjóshús ytra | = | – | 21.00 |
| 6. Dto. syðra | = | – | 7.00 |
| Alls | = | | 74.75. |

Mismuninn = Kr. 5.75 lofar viðtakandi að borga Hermanni Þorsteinssyni á Reykjarhóli.

Þrjár kvígildisærnar voru afhentar á staðnum og voru álitnar í fullgildu lagi, en hinar 3 ærnar eiga að koma að, og lofa

úttektarmenninir að sjá um, að þær komizt til viðtakanda um næstu helgi.

Ekkert hafði viðtakandi að setja út á túnáburð eða tóttahreinsun. Fleira kom ekki til tals. Úttektin upplesin og samþykkt og endað.

Guðm. Davíðsson
Hermann Þorsteinsson
Sigurjón Sigtryggsson
Jón Halldórsson

Ár 1904 þ. 2. d. Júním. var hreppstjórinn í Haltshreppi staddur á Minniþverá, ~~hrep~~ ásamt úttektarmanni Hermanni Þorsteinssyni á Reykjarhóli, til þess að skoða jarðarhús og meta álag á þau, þegar dánarbú Sigurðar sál. Sigmundssonar skilar jörðunni en Guðmundur Guðmundsson tekur við henni. Viðtakandi var til staðar og vegna jarðareiganda var settur af hreppstjóra Guðm. bóndi Stefánsson á Minni-



brekku. Úttekt frá 1885 var til staðar.

Fór svo úttektin fram sem hér segir:

1. Baðstofa: Lengd 7 al. 4 al. breið, 5 sperrur, 1 albiti, 4 skammbitar, samansett ~~með~~ lausholtum, 10 stoðum 1½ al. á hæð, 3 og 4 langbönd á hlið, auk mænitróðu, með þilrepti, 3 gluggar, ~~annar~~ 1 4 rúðu, en ~~hinn~~ tveir 2 rúðu; hurð ~~og~~ á hjörum við dyrastafi fylgir húsinu. ~~Gallar á húsinu eru:~~ Húsið er byggt 1880 og því 24 ára gamalt. Gallar á húsinu eru þessir helztir, að grindin er gliðnuð; viðir meir og minna feysknir og fúnir; veggir blautir og moldrunnir, einkum vesturveggur, ~~tvær~~ 4 rúður eru brotnar; þak bærilegt. Álag gjörist = Kr. 50.00
2. Búr. 4½ al. langt, 3 al. breitt, þremur sperrum, 2 albitar, 6 stoðir 2½ al., 3 langbönd á hlið auk mænitróðu; árepti gott; einl. og lausholt; húsið er stæðilegt að veggjum og viðum; þak lélegt.* Álag gjörist = Kr. 6.50
3. Eldhús: 5 al. langt 3½ al. breitt, með tveimur sperrum, 4 stoðum, 2½ al. 2 albitar, 1 skammbiti, 3 langbönd á hlið, auk mænitróðu; árepti gott.* Húsið virðist stæðilegt að

*einlag lausholt.

viðum og veggjum, að öðru leyti en því, að partur af veggkampi, við tóttar dyr er ~~stinn~~ og farinn og aðrar sperrur nær bilaðar.
þak lélegt
Álag gjörist = Kr. — 8.00

4. Göng: 12 álna löng, 1½ al. breið, með þverbitum og dvergum, göngin eru þver og langrept. Veggir næst bæjardyrum eru ónýtir, viðir meir og minna fúnir, og mega heita ónýtir. Álag gjörist = Kr. 18.00

5. Fjós: Yfir tvær kýr; einar kálfasperrur, 1 afbiti, 2 básstaðir og 2 hálfstaðir undir bita; 1 langband á hlið og á = repti. Viðir lítt nýtir veggir bærilegir; þak lélegt. Álag = Kr. 10.00

Álag verður því:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. á Baðstofu | = | Kr. | 50.00 |
| 2. — Búr | = | — | 6.50 |
| 3. — Eldhús | = | — | 8.00 |
| 4. — Göng | = | — | 18.00 |
| 5. — Fjós | = | — | 10.00 |
| | | | 92.50 |

Uppí þetta álag er virt:



1. Tvörúmstæði í baðstofu, og þylgjur, að undanteknum þylgjum undir austurglugga og borð með 2 skúffum = Kr. — 7.50
2. Tvær skellihurðir = — 1.00
3. Fjárhús syðra = — 14.00
4. Dto. ytra = — 9.00
5. Hesthús = — 3.00
6. Fjárhús efsta = — 2.50

37.00

Afgangurinn = Kr. 55.50 borgast viðtakanda af dánarbúinu. Kvígildis ær eru afhentar í gildu lagi. Dánarbúið hefir keypt hreinsun tótta og húsa og hefir viðtakandi ekkert við það að athuga.

Útlekt upplesin og samþykkt.

Guðm. Davíðsson
Hermann Þorsteinsson
Guðmundur Guðmundsson (handsalað)
Guðm. Stefánsson

Ár 1904, þ. 2. d. Júni m. var hreppstjórinn í Holtshreppi staddur á Minnibrekku, á = samt Hermanni Þorsteinssyni á Reykjarhóli úttektarmanni, til þess að álíta hús þau, er Stefán sál. bjó í — á hálflendunni — og meta álag á þau. Björn bóndi Sölvason á Hamri var viðstaddur fyrir ekkjunnar hönd, þeg andi var ekki til staðar, en hreppstjóri gætir hans hags. Kom þá fyrst til:

1. ~~Baðstofa: 6½ al. löng 4½ á breidd; 2 allbitar þrennar sperrur; 6 stafir 1½ al. lang bönd 3 og 4 á hlið, auk áfellu og mænitróðu, með þetta árefti, einlag laustholt.~~

1. Baðstofa: lengd 5, breidd 2½ al. þver og langrept; 1 einnarrúðuglugga og 1 gluggagat. Viðir allir meir og minna fúnir. Vesturveggur má heita ónýtur fyrir ofan miðju. Austurveggur hefir verið gildaður upp með þeim hætti að baðstofan hefir mjókkað um hérumbil um 3 kvartil og hvennar dyr verið gjörðar úr henni önnur til suðurs og hin til austurs. Álag 15.00

2. Eldhús: 6 al. langt, 4½ al. breitt; 1 biti á veggjum; 2 ásar; veggir stæðilegir, þó er austurveggur snaraður fram á hlaðið; Álag = 6.00 þar að auki lofar hreppstjóri 2 kr. fyrir eigandans hönd, til endurbyggingar hússins.

3. Bæjardyr 4½ al. langar; 2¼ al. breiðar; þrennar sperrur; 2 allbitar; þyl framanundir með hurð á járnum; að þarfur hússins, sem tilheyrir dánarbúinu er nýlega byggður og vel viðaður og er því talinn álagsfrír. — — — — „ „

4. Fjós: Lengd 3½ al.; breidd 3½ al.; einn ás; 2 stafir; 9 og 7 raftar á hlið; refti á veggi; viðir farnir að feyskjast; veggir stæðilegir. Álag gjörist = Kr. 6.00

álag verður þá alls:

| | | |
|---|---|---|
| 1. á Baðstofu | = Kr. | 15.00 |
| 2. – Eldhús | = — | 6.00 |
| 3. – Bæjardyr | = — | „ „ |
| 4. – Fjós | = — | 6.00 |
| Eða alls | = Kr. | 27.00 |

Þetta álagsverður að teljast sem skuld á dánarbúinu, og er ekkert lagt upp í það

beinlínis.

Hús þau sem ekkjan á á jörðinni voru virt þannig:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Baðstofa | = Kr. | 18.00 |
| 2. Búr | = — | 5.00 |
| 3. Eldhús | = — | 3.00 |
| 4. Skemma | = — | 9.00 |
| 5. Fjárhús efra | = — | 12.00 |
| 6. Hesthús | = — | 3.00 |
| 7. Fjárhús neðra | = — | 7.00 |
| Samtals | = | 57.00 |

Fleira kom ekki til umtals og er því úttektinni lokið.

Guðm. Davíðsson.

Hermann Þorsteinsson

Björn Sölvason

Ár 1904, þ. 2. d. Júní var hreppstjórinn í Holtshreppi staddur á Minnaholti, ásamt úttektarmanni Hermanni Þorsteinssyni á Reykjarhóli, til þess, að gjöra álit á jarðarhúsin og meta álag á þau,



~~Fráfarandi og viðtakandi voru~~

þegar Gísli Gíslason skilar jörðunni en Páll Arngrímsson tekur við henni. Fráfarandi og viðtakandi voru báðir viðstaddir og vegna eiganda – Jóns Jóhannessonar – var ~~tilnef~~ útnefndur Hjálmar bóndi Jónsson á Stóraholti.

Úttektin fór svo fram, eins og hér segir:

1. Baðstofa. Lengd 8 al. 5½ breið, fernar sperrur. 1 albiti við suðurstafn; 4 skammbitar; sperrukjálki 4 al. langur; 6 og 7 langbönd á hlið; auk mænitróðu. Fjalrefti er á syðsta stafgólfi, en annars staðar árefti venjulegt. 3, fjögurra rúðu gluggar og 1 stór einnar rúðugluggi er á húsinu. Hurð á járnum við dyrastafi fylgir. – Gallar á húsinu eru þessir: Veggir víða blautir og moldrunnir en ósnaraðir. Stoðir meir og minna fúnar að neðan; sömuleiðis áfellur. 3 rúður brotnar. Annars eru 3 gluggakisturnar talsvert fúnar, en ein er ný. Þak er trosnað og suðurstafn að utanverðu orðinn etinn. Baðstofan er farin að

glidna um miðjuna og mun það vera því að kenna, að engum allstíf er í húsinu nema við suðurstafn. Fráfarandi hefir hækkað baðstofudyrnar til mikilla muna, og bætt við 1 skammbita og hálfum öðrum sperrum.
Álag gjörist = Kr. 40.00.

2. Búr: Lengd 4½ al., breidd 3½ al. Tvennar sperrur; 2 albitar, 4 stoðir, c. 2½ al. háar, 3 og 4 langbönd á hlið með þéttu árefti gömlu. Af eystri sperrum er reft á stafn. Gallar á húsinu eru þeir, að viðir eru sumstaðar farnir að feyskjast og fúna. Fráfarandi hefir byggt húsið, að mestu leyti frá grunni, en þar sem viðir hafa flestir verið gamlir, þegar það var byggt — og því orðnir fúnir, þá gjörist álag = Kr. 6.00
Hurð á járnum með skrá eru fyrir húsinu.

3. Eldhús: 4½ al. langt, 4¼ al. breitt; tvennar kálfasperrur; 2 albitar; 4 stoðir, 2½ al langar 4 langbönd á hlið auk mænitróðu. Húsið virðist stæðilegt, að veggjum og viðum og hefir ekkert sérstaklega farið aptur, nema, hvað náttúrleg fyrning gjörir að verkum. Álag er gjört = Kr. 5.00

4. Göng frá bæjardyrum til baðstofudyra, frá baðstofudyra austur í bæjarvegg og frá eldhúsi til fjóss. Göngin eru 11 + 4 álnir á lengd og víðast 1¼ al á breidd. Göngin eru öll stæðileg að veggjum; fráfarandi hefir fyrir 2 árum rifið ofan af öllum göngum og byggt þau að nýju að flestöllum viðum. ~~Koma þau vel~~ Sömuleiðis hefir hann hækkað þau til muna. Koma þau mjög vel fyrir sjónir. En fyrir fyrningu gjörist álag = Kr. 2.00

5. Bæjardyr: 4½ × 3½ al. þrennar sperrur, ×2 albitar; 4 stoðir, 3¾ al. háar; 4 og 5 langbönd á hlið, með góðu amárefti utanyfir; Austursperrur standa á vegg; hurð á járnum, með klinkulæstri hurð er fyrir húsinu og fornt þil; gluggi er yfir dyrum lélegur. Áður voru bæjardyrnar litlar og lítt nýtar; en fráfarandi hefir bæði breikkað þær og hækkað og vegna þess, að þessi breyting virðist til mjög mikilla bóta, þá kemur mönnum saman um, að jarðeigandi kaupi eign fráfaranda í bæjardyrunum, sem er virt á 15 Krónur

er þvi bæjardyrnar úr þessu, í því
formi sem þær eru jarðarhús. Náttúr=
lega er fráfarandi álag afrý á húsið. Húsið
er lítið eitt snarað fram á hlaðið.

6. Fjós: Lengd 6 al.; breidd 4½, 8 stoðir 2 al. háar
við veggi; brúnásar; 3 flórstoðir 3¼ al. háar;
2 hálfstoðir við stafna; 17 raptar á annari
en 11 raptar á hinni hliðinni. Þak bori=
legt. Fjósið er einhalafjós, en var áður tví=
halafjós; fráfarandi hefir byggt húsið frá
grunni að veggjum og bætt við mörgum
eða flestum viðum nýjum. Húsið er í
ágætu ásigkomulagi; þó eru tveir raptar
sloppnir úr réttum skorðum og brún=
ás vantar á parti við dyr framm í eld=
hús, en fráfarandi lofar að gjöra við það
áður en hann fer frá jörðunni. Húsið
er 3 ára gamalt og er álag metið = Kr. 6.00

7. Kvígildishús (syðra fjárhús): Jörðin átti
áður hálft, en á nú ½, þar sem fráfar=
andi hefir stækkað húsið um þriðjung.
Lýsing á húsinu eins og það áður var er:
Húsið er 20 kinda hús, 6 al. langt, og undir



brúnásunum; 3 veggjastoðir eru að innan=
an og 4 að utan. 8 garðastoðir, 2½ al. háar.
2 einlægir ásar og vaglraptar á milli
þeirra; garðabönd og garðastokkar; 11
máttarraptar á annari og 8 á annari hlið.
Árepti gott; þak sömuleiðis; veggir mold=
runnir að innan; álag = Kr. 8.00;
þaraf á fráfarandi að borga = Kr. 4.00.

Álag verður þá:

1. Á baðstofu = Kr. 40.00
2. — Búr = — 6.00
3. — Eldhús = — 5.00
4. — Göng = — 2.00
5. — Bæjardyr = — „ „
6. — Fjós = — 6.00
7. — Fjárhús = — 4.00 = 63.00

Uppí þetta álag er veitt:

1. ⅔ úr kvígildishúsi = Kr. 13.50
2. Ytrahús = — 20.00
3. Hesthus = — 5.00
4. Skáli = — 24.00
5. Skellihurð = — 1.00
6. Gluggar í lambhúsi og búri = — 1.50
7. Bekkur í búri = — 0.75
8. Briems umgjarðir og þyljur í baðstofu — 10.00

Alls = 75.75

Afgangurinn = 12.75; sem viðtak=andi skuldar fráfaranda jafnast í millireikningi þeirra. Kvígildis er 9 af=hentar í gildu lagi. Ekkert útá tótta og húsa kreinsun að setja.

Úttektin upplesin og samþykkt.

Guðm. Davíðsson
Hermann Þorsteinsson
Gísli Gíslason
Páll Arngrímsson
Hjálmar Jónsson

Úttekt á Stóruþverá

Ár 1904, þann 28. d. Júnímánaðar, var hreppstjórinn í Haltshreppi staddur á Stóruþverá, ásamt úttektarmanni Hermanni bónda Þorsteinssyni á Reykjarhóli, til þess, samkvæmt



ósk Björns bónda Péturssonar, að taka út jördina, þar sem hann nú 1. Júlí n.k. ætlar sér með fjölskyldu sinni á leið til Ameríku. Viðtak=andi er enginn. Eigandi hafði verið gjört aðvart um það hvenær úttektin ætti fram að fara, en hann var þó ekki til staðar og enginn fyrir hans hönd. Hafði fráfarandi beiðst leyfis eiganda um þessa ráða=breytingu og hafði fengið það.

Voru svo húsin mæld og álitin eins og hér segir:

1. Baðstofa: 8 al. löng, 5 al. breidd. 5 sperrur með 3½ löngum kjálka, 3 albitar, enginn skammbiti, 10 stoðir, 2 al. háar, 3 ræftar með langböndum og þverrepti yfir. Hurð á járnum við dyrastafi; 3 gluggar fylgja húsinu, 2, 4 rúðugluggar og 1. 6 rúðuglugg[i]; en sá x minni, að þar sem 6 rúðugluggin[n] x nú var áður 2 rúðugluggi gamall og lítt nýtur.

Húsið var byggt síðastliðið haust; nýtt af veggjum: vesturveggur og suðurstafn og austurveggur að utanverðu. Viðir smállir nýir í grindinni og langbönd flest sömuleiðis; aptur eru einstaka langbönd gamalt og árepti. Gömlu veggirnir blautir og maldrunnir. Jafnvel þótt húsið sé svona nýlega endurbyggt, þá gjörist álag samt sem áður = Kr. 8. oo

2. Búr: 5 al. breitt, 3 al. langt, 2 albitar; einlæg lausholt, en suður lausholt er brotið; 3 sperrur með 2½ al. kjálka; 6 staðir, 2¼ al. háar; 4 og 5 langbönd á hlið, auk mæni=tróðu, og grant árepti yfir; 1, 2 rúðu gluggi fylgir húsinu; þil er á milli búrs og eld=húss, gamalt. Hurðarflak hafði verið fyrir húsinu, en vantar nú með öllu. Suður=veggur má heita ónýtur; norðurveggur snaraður til norðurs; vesturstafn má



heita dágóður; þak trosnað.

álag gjörist = Kr. 14. oo

3. Eldhús: 4 al. langt; 3¼ al. breitt; 2 sperrur með 2½ al. kjálka; einlæg lausholt; 2 al=bitar; 3 alstaðir, 2¾ al. háar og 1 hálfstaður í suðausturhorni; 4 og 5 langbönd á hlið og árepti yfir; repti af vestari sperrum á búr~~fogl~~ sperrur. Norðurveggur snaraður til norðurs — inní fjósið, en annars eru veggir gáðir og allir eru þeir þurrir og harðir. Þak trosnað og sólbrunnið. Enginn dyraumbúnaður eða hurð hefir fylgt, eða fylgir. Gluggi ekki heldur. Álag gjörist = Kr. 4. oo

4. Göng: 9½ al. löng; 1½ al. breið; ynsti parturgangnanna undir mæniás og repti af honum á veggi; í fremri partinum eru 3 sperrur á veggjum, grannar, með langböndum og ~~[struck]~~ árepti. Veggir stæðilegir; þak gott. Ofan yfir húsið

var byggt o.l. haust og bætt í það viðum[1]. Álag gjörist = Kr. 6.00

5. Bæjardyr: 5 al. langar; 2¼ al. breiðar; 3 albitar; einlæg lausholt; 3 sperrur, með 2 al. kjálka; 6 staðir, 2½ al. háar; 3 langbönd á hlið með árepti yfir. Þyl framan undir forntt, með lakulæstri hurð á járnum við dyrastafi. Gallar á húsinu eru: Miðstað að norðanverðu vantar með öllu og lausholt í, það brotið. Suðurveggur klafinn og moldrunninn. Þak trosnað.

Álag gjörist = Kr. 9.00

6. Fjós: 6¼ al. langt; 5½ al. breitt; 8 heilstaðir undir 2 einlægum ásum og er reft á milli þeirra. 17 máttarraftar á hlið og er reft á veggi. Gallar á húsinu eru þessir: 1 stoð vantar við brunnhússdyr og 2 máttarrafta á suðurhlið nest að. Vesturstafn mjög moldrunninn; einnig norðurveggur að utan. Viðir farnir að feyskjast; þak er gott; 1 tveggjarúðuglugga fylgir húsinu og hurð á járnum við dyrastafi, á milli fjóss og eldhúss. Útidyr eru á fjósinu, en engin hurð, né dyrastafir. Í dyrum, til brunnhúss eru dyrastafir, en engin hurð. — Jörðin á aðeins 4 bása í fjósinu og gjörist álag á þann part hússins = Kr. 12:00

[1] Skellihurð með dyrastöfum og járnum fylgir húsinu (innri hurð).



Álag verður þá alls:

1. á baðstofu = Kr. 8.00
2. — Búr = — 14.00
3. — Eldhús = — 4.00
4. — Göng = — 6.00
5. — Bæjardyr = — 9.00
6. — Fjós = — 12.00 = Kr. 53.00

Uppí þetta álag er virt:

1. Skemma, suman bæjardyra = Kr. 20.00
2. Fjárhús ytra ——— = — 20.00
3. Fjárhús sydra ——— = — 16.00
4. 2 básar í fjósi ——— = — 6.00

Flyt = 62.00

Flutt = Kr. 62. oo
5. pyljur og 3 rúmstæði í baðstofu = 15. oo
6. Skellihurð í göngum og þjalir = 1. oo
= Kr. 78. oo

Mismunur álags og þess, sem er virt uppí álag er því = Kr. 25. oo.
Leigulíðabót yfir næsta ár er metin 20% af álaginu = Kr. 10.60. Er þá álagið + leigulíðabótin = Kr. 63.60
Fyrning á því sem er virt uppí álag = 20% af Kr. 78.oo er = Kr. 15.60. Verður þá eptir af því fé = Kr. 62.40. Mismunurinn verður þá í raun og veru ekki nema 11.20 Kr., sem jarðar eigandi virðist eiga að svara fráfaranda.
Í kvígildi eru látnar 2 Kýr, en önnur þeirra í byggingunni til ársins til Péturs á Lambanessreykjum, en önnur til Arngríms á Gili um sama tíma. Annast oddviti innheimtu á byggingarfénu og sér landsdrottni

fyrir leigum í haust.
Að öðru leyti fundu úttektarmennirnir ekkert að burtför fráfaranda frá jörðinni, hvað hana sjálfa snertir.

Fleira kom eigi til umtals og er því úttektinni lokið.

Guðm. Davíðsson.
Hermann Þorsteinsson
Björn Pjetursson

Ár 1905, þ. 12. d. Maím var hreppstjórinn í Haltshreppi staddur á Hólakoti, til að taka þar út jörðina, þegar ekkjan María Eiríksdóttir skilar jörðinni af sér, en Ólafur Eiríksson tekur við henni. Fyrir hönd eiganda, sem hafði verið gjört aðvart um úttektina, setti hreppstjóri Pál Guðvarðarson á Melbreið. Ásamt hreppstjóra var viðstaddur úttektarmaðurinn Hermann

Þorsteinsson á Reykjarhóli. Gömul úttekt var eigi til staðar, enda mun vera um 30-40 ár, síðan síðasta úttekt fór fram.
Fór svo úttektin fram eins og hér segir.

1. Baðstofa: 6 al. löng; 4½ breidd; 8 stafir 1½ al. háar; fernar kálfasperrur með 3½ al. kjálka; 2 albitar; 4 skammbitar; annað laust holt einlagt, en annað skeitt og klampað um miðju. Þétt-rept er með langböndum á 3 sperrur; 1, 4 rúðugluggi og 1, 2 rúðu gluggi fylgja baðstofunni; ennfremur hurð á járnum við dyrastafi. – Húsið er 17 ára. Húsinu er breytt frá því sem áður hefir verið, þannig að baðstofan var fyrrum ekki nema rúm lengd á breidd og er nú um ½ breiðari en var. Gallar á húsinu eru helztir þeir, að það er snarað til norðurs, einkum yfir grindin og ennfremur er grindin



dálítið gliðnuð; merkja finst nokkur í stöðum; þak trosnað nokkuð og veggir fornir, nema suðurstafn, sem er byggður fyrir liðugu ári. Þegar tekið er tillit til þess, að baðstofan er í miklu hentugra formi, en áður var og með stærri og betri gluggum, rakalaus og vel útlítandi, þá gjörist álag ekki nema 2 Kr. á ári, eða alls = Kr. 34.00

2. Búr: Lengd 4 al.; breidd 2 3/4 al.; 1 mænisás og einn albiti í miðju, með dverg undir ásnum; af ásnum er rept á veggi. Veggir eru fornir, en staðilegir; þó er vesturveggur klofinn; hurð á járnum er við dyrastafi; viðir eru fornir og farnir að feyskjast. Þak gott. Tveggja rúðugluggi er á húsinu, en vantar aðra rúðuna. álag gjörist = Kr. 10.00

3. Eldhús: Lengd 4 al.; breidd 2 3/4 al.; 1 mænisás og af honum rept á veggi. Um hús þetta er sama að segja og búrið að því frá skyldu, að viðir eru góðir. Veggir fornir. Þak gott. Álag gjörist 4.00

4. Göng: 6 al. löng; 1½ al. breið; flat og langrept; veggir fornir og trosnaðir á stöku stöðum; viðir eru meir og

minna blautir og fúnir; þak er
bærilegt. Álag gjörist = Kr. 9.00

5. Bæjardyr: Lengd 2 1/4 al.; breidd 1 1/2 al.
Sperrubyggt með 6 stöðum 2 1/4 al. háum.
Þyl er framanundir húsinu, með hurð á
járnum; þyl og hurð mjög lasalegt
og norðurveggur moldrunninn og mun
vera sprunginn kampurinn. Þak bærilegt.
Álag gjörist = Kr. 6.00

6. Kvígildishús, niðri á velli: Húsið er fyrir
ꝯ. 12–14 kindur; 2 ásar; garðastæðir 6;
annars liggja ásar á stöfnum; ás aukar
eru að vestanverðu; máttarraftar eru 10
á norðurhlið; en á suðurhlið eru 5 máttar-
raftar og þverreft yfir; garðastokkar eru
í húsinu og garðabönd. Sinn máttar-
raftinn vantar hvorumegin, við tóttar-
dyr. Innsta garðastoð að ~~utan~~ norðanverðu
er sigin og er ásinn þeim megin mjög
ordinn boginn. Veggir moldrunnir og
mjög ljótir að innan, einkum austur-
stafn, sunnan tóttardyra og fremripartur
ytra veggs. Þak gamalt. Álag gjörist = 7.00



Álag verður þá alls:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. Á Baðstofu | = | Kr. | 34.00 |
| 2. — Búr | = | — | 10.00 |
| 3. — Eldhús | = | — | 4.00 |
| 4. — Göng | = | — | 9.00 |
| 5. — Bæjardyr | = | — | 6.00 |
| 6. — Kvígildishús | = | — | 7.00 |
| | | Alls = Kr. | 70.00 |

Uppí þetta álag er virt:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. Þyljur og rúmsumgjörðir í baðstofu | = | Kr. | 13.50 |
| 2. Fjós | = | — | 6.00 |
| 3. Skemma suður á hlaði | | — | 12.00 |
| 4. Hesthús | | — | 5.00 |
| 5. Fjárhús syðra | | = | 20.00 |
| 6. Fjárhús ytra | | = | 5.00 |
| Samtals | = | Kr. | 61.50 |
| 7. Skellihurð, með dyraumbúnaði | = | — | 0.50 |
| | | | 62.00 |

Þar Kr. = 8.00, sem vanta til þess, að
álagið borgist, verða af Guðm. Davíðss.
borgaðar Ólafi Eiríkssyni viðtakanda.
Kvígildisær voru af hendi látnar og
af viðtakanda teknar gildar; þó ábyrg-
ist hann þær eigi til fardaganna
hvað vanhöld snertir; en hann lofar

að annast þær, sem sitt eigið fé
til fardaga annað.
Annars höfðu úttektarmenn og
viðtakandi ekkert út á ~~þ~~ viðskilnað
~~burt~~ fráfaranda, frá jörðinni að setja.
Úttektargjörðin lesin og samþykkt.

Guðm. Davíðsson.
Hermann Þorsteinsson
Ólafur Eiríksson
(Fyrir hönd eiganda) Páll Guðvarðarson
(Fyrir hönd fráfaranda) E. Þ. Hermannsson.

Kerúthús.

Ár 1905 þ. 13. d. Maímánaðar, var hrepp-
stjórinn í Holtahreppi staddur á Kerúthúsum,
ásamt úttektarmanni Hermanni Þor-
steinssyni á ~~Kerúthúsum~~ Reykjarhóli, til þess ~~aftur~~
að taka út nefnda jörð, meta álag á hana
og virða uppi álagið, þegar Gísli Gísla-
son ~~tekur~~ fer frá henni og Ísak Jóhannesson
tekur við henni. Fráfarandi var sjálfur
eigi til staðar, en vegna hans var Páll



hreppstjóri Árnason á Ytramói við-
staddur úttektina. Viðtakandi var sjálf-
ur til staðar. Hreppstjóri hyggst að
gæta hags eigenda.
Fór svo úttektin fram eins og hér segir:
1. Baðstofa: Húsið er í sama formi og við
síðustu úttekt (bls. 67. hér að framan); ekkert
hefir verið gjört við húsið síðan Gísli kom
að jörðunni. Gallar á húsinu eru engir
sjáanlegir hvað viði snertir, en þak er
nokkuð trosnað. Álag gjörist = Kr. 12.50.
2.-3. Búr og eldhús: Húsið er í sama formi
og við seinustu úttekt. Ekkert hefir verið
gjört við húsið í þessi síðastliðin tvö
ár. Gallar á húsinu eru helztir þeir, að snar-
er eins og áður var og mun þó heldur hafa
ágerst. 1 stoð, við fjósdyr, í eldhúsi er mjög
fúin. Fúi finst talsverður í lang~~böndum~~bandi
og árepti á austurhlið búrsins; 1 stoð í búri
farin að merkjast að neðan. Vesturveggur
hússins er talsvert snaraður fram á hlaðið
~~út~~ og er hann sprunginn frá norðurstafni.
Annars eru allir veggir ljótir, og blautir.
Þak má heita ónýtt. Álag gjörist = Kr. 14.00

4. Bæjardyr: Í sama formi og við seinustu úttekt. Ekkert hefir verið gjört við húsið síðastliðin tvö árin; gallar engir sérstakir, nema að það er ónýtt. Álag gjörist = 1.50

5. Kompa á milli baðstofu og eldhúss. Hús þetta er nýtt, sem jarðarhús, að því leyti, að það var keypt til jarðarinnar af Einari Halldórssyni, eins og seinasta úttekt sýnir. Húsið er í því formi, sem í þeirri úttekt er tekið fram. Gallar á húsinu eru engir sjáanlegir að vitum; veggir eru gamlir og það lélegt. Álag gjörist = Kr. 1.00

6. Kvígildishús (½ sydra fjárhús) í með sömu ummerkjum og við síðustu úttekt. Gallar eigi merkjanlegir neinir sérstakir nema suðurveggur er mjög moldrunninn að innanverðu og það á suðurhlið sólbrunnið. Álag gjörist Kr. 3.00

Álag verður það alls:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. Á baðstofu | = | Kr. — | 12.50 |
| 2. Á Búr og eldhús | = | — — | 14.00 |
| 3. — Bæjardyr | = | — — | 1.50 |
| 4. — Kompu | = | — — | 1.00 |
| 5. — Kvígildishús | = | — — | 3.00 |
| Alls | = | Kr. | 32.00 |



Af því, sem fráfarandi á í húsum o.fl. á jörðunni, er viðtakanda virt til handa:

| | | |
|---|---|---|
| 1. ½ sydra fjárhús | = | Kr. 7.50 |
| 2. Ytra fjárhús | = | — 13.00 |
| 3. Hesthús | = | — 7.00 |
| 4. Brunnhús | = | — 1.00 |
| 5. Skemma | = | — 19.00 |
| 6. Þiljur innan um baðstofu með öllu því sem fylgdi við seinustu úttekt | = | 43.00 |
| Samtals | = | Kr. 90.50 |
| 7. Fjós | = | — 16.00 |
| Samtals | = | — 106.50 |

Mismunur álagsins, og þess, sem viðtakandi kaupir eru = Kr. 74.50.

Af þessum Kr. 74.50, á viðtakandi, að borga Einari Halldórssyni í Siglufirði = Kr. 40.00. Afgangurinn = Kr. 34.50 borgast í millireikningi fráfaranda og viðtakanda.

Kvígildisær verða innan fárra daga afhentar viðtakanda; en eigi tekur hann ábyrgð á þeim til fardaganna.

Að öðru leyti hafði viðtakandi, eður úttektarmenn, ekkert út á burtför

fráfaranda að selja.

Úttektargjörðin lesin og samþykkt.

Guðm. Davíðsson

Hermann Þorsteinsson

Páll Árnason

Ísak Jóhannsson

Ár 1905 þ. 15. d. Maímán. var hreppstjórinn í Holtshreppi, ásamt úttektarmanni Hermanni Þorsteinssyni á Reykjarhóli, staddir á Stórubrekku, til þess, að taka út jörðina, meta álag og virða uppí álag, þegar Bogi Jóhannesson og Ólafur Eiríksson skila jörðunni en Jón Halldórsson tekur við henni. Eigendum hafði verið gjört aðvart, en hvorugur þeirra var þó viðstaddur. Viðtakandi var heldur eigi til staðar, en hans vegna var viðstaddur úttektina bróðir hans Guðm. bóndi Halldórsson á Neðra Haganesi.



Fór svo úttektin fram, eins og hér segir:

1. Baðstofa: Með sömu ummerkjum, eins og var í úttekt 21. Maí 1901. Ekkert hefir verið gjört við húsið síðan seinasta úttekt fór fram 6. Júní 1903 (bls. 66. hér að framan) að öðru leyti en því, að nýr laushaltsparkur hefir verið settur undir syðsta glugga á vestanverðri baðstofunni og stoð undir sama glugga. Gallar á húsinu eru ~~ha~~ einkum þeir, að staðir eru meir og minna fúnar að neðan; einnig áfella á vesturhlið. Snar hefir ofurlítið ígerst til austurs. Veggir hússins virðast vel stæðilegir, nema hvað vesturveggur er sprunginn, að segja má stafna á milli. Sömu ræður brotnar í frambaðstofu og voru við seinustu úttekt. Þak troðnað til muna á suðurenda baðstofunnar. Álag gjörist = ~~kr.~~ 52.00

2. Eldhús: Með sömu ummerkjum og í úttekt 1900. Ekkert hefir verið gjört við húsið; vel er það stæðilegt að veggjum og viðum, því virðist ~~ekkert~~ lítið hafa farið aftur. Rapta vantar í eldhúss-

dyr – til gangna. Álag gjörist: = Kr. 3.00

3. Búr: Í sama formi, sem í úttekt 1901. Fráfarandi Bogi Jóhannesson, sem notað hefir húsið eingöngu hefir bætt í það húsið einum sperrum (miðsperrum) og 4 langböndum. Gallar á húsinu eru þeir sömu og þá er síðast var tekið út, að því undanskildu, sem áður er ávikið. Þil hefir nokkuð ágjörst og veggir blautir og moldrunnir: Álag gjörist: = Kr. 13.00

4. Göng: Með sömu ummerkjum og voru í síðustu úttekt. Fremri partur gangna hefir verið byggður upp á þessu vori og bætt í hann röftum; innri partur er þar á móti gamall að viðum og þiljum. Veggir eru gamlir, en stæðilegir.
álag gjörist = Kr. —— 9.50.

5. Bæjardyr: Með sömu ummerkjum og í síðustu úttekt. Fráfarendur hafa rétt húsið og þakið nýju þaki og bætt í það nokkru af viðum. Norðurveggur moldrunninn



mjög framantil. Álag gjörist = Kr. 10.00

6. Fjós: Með sömu ummerkjum og áður var, við síðustu úttekt. Gallar engir sýnilegir fram yfir vonir, frá því sem áður var; en fyrir fyrningu er gjört á ári = Kr. 2.00; alls = Kr. 22.00

7. Fjárhús (sunnanlækjar, 20 kinda hús): 9 máttarraptar á hlið; brúnásar og mænisásar; garðastaðir 6; veggjastaðir 8; mænisásar auknir um garðahöfuð; árefti yfir máttarröftum; garðastokkar einlegir en garðabönd aukin og brömluð. Veggir stæðilegir; þak boðlegt.
álag gjörist = Kr. 1.50

Álag gjörist þá alls = Kr. 113.00

Af þessu álagi á fráfarandi Bogi Jóhannesson að borga:

| | | | |
|---|---|---|---|
| ½ álag á baðstofu | = | Kr. | 26.00 |
| ½ — — Eldhús | = | — | 2.50 |
| — — — Göng | = | — | 4.75 |
| — — — Bæjardyr | = | — | 5.00 |
| — — — Fjós | = | — | 11.00 |
| 1/1 álag á Búr | = | — | 13.00 |
| | | alls = | 62.25 |

Fráfarandi Ólafur Eiríksson á að borga af álaginu:

½ álag á baðstofu = Kr. 26.00
— — — eldhús = — 2.50
— — — göng = — 4.75
— — — bæjardyr = — 5.00
— — — fjós = — 11.00
⅟₁ álag á fjárhús = — 1.50
Alls = Kr. 50.75

Uppí þetta ofan nefnt álag = Kr. 113.00, er virt:

1. Fjárhús = Kr. 18.00
2. Hesthús = — 6.00
3. Skáli = — 22.00
4. Búr = — 11.00
5: Rúmsum gjörðir 3 í baðstofuhúsi með þyljum o. fl. tilheyrandi sem umgetur í úttekt 1903 = 20.00
6. Rúmsum gjörðir 2 í frambaðstofu með þyljum á 3 vegu upp að bita og laushólki og fyrir stafni frá bita uppí gegn = 14.00 [Ath. 2 fjalir vanta í stafnþylið, um miðjan stafrúm]
7. Borð í búri, með skúffu og 4 rúðuglugga, með 2 rúðum = 2.25
Flutt = 93.25



Flutt = 93.25
8. Skilrúm í fjósi 4 = 3.40
96.65

Af því, sem virt er uppí álag á Bogi Jóhannesson:

№ 1. Fjárhús = Kr. 18.00
№ 6. Í frambaðstofu = — 14.00
— 7. Í búri = — 2.25
— 8. ½ Í fjósi = — 1.70 = Kr. 35.95

Ólafur Eiríksson á af því sem virt var uppí álag:

№ 2. Hesthús = Kr. 6.00
— 3. Skáli = — 22.00
— 4. Búr = — 11.00
— 5. Í baðstofu = — 20.00
— 8 ½ Í fjósi = — 1.70 = Kr. 60.70

Vegna þess að viðtakandi er hvergi nærstaddur, þá verður sú upphæð, sem Bogi skuldar = Kr. 26.30, að bíða þangað til hann kemur heim, en annars tekur hreppstjóri að sér, að ábyrgjast viðtakanda upphæð þessa;

Fráfarandi Ólafur Eiríksson segist

hafa samið við viðtakanda, að þannig að þær kr. sem hann (Ó. E.) ætti tilgáða skyldi bíða heimkomu viðtakanda (J. H.)
Kvígildisám 12 að tölu, verður skilað í fardögum, og mun hreppstjóri þá, annaðhvort sjálfur, eða maður fyrir hans hönd álíta ornar
Að öðru leyti var ekkert útá burtför fráfarenda að setja.
Úttektargjörðin upplesin og samþykkt
Guðm. Davíðsson.
Hermann Þorsteinsson
Bogi G. Jóhannesson
Guðmundur Halldórsson
Ólafur Eiríksson
Ath. Fráfarandi B. Jóh. segist eiga = Kr. 1.00 hjá viðtakanda (J. H.) sem hann óskar að dragist frá því sem hann skuldar Jóni Halldórssyni
15/5. – '05 G. Dav.


Ár 1905 þ. 2. Júní var hreppstjórinn í Holtshreppi, ásamt úttektarmanni Hermanni Þorsteinssyni á Reykjarhóli staddir á Bakka til þess að taka út jörðina, meta álag og virða uppi álag, þegar Jón Jónsson skilar jörðunni en Bogi Jóhannesson tekur við henni. ~~Úttek~~ Eiganda Sveini Árnasyni á Felli var gjört aðvart um úttektina en hann var ekki mættur.
Úttektin fór fram eins og hér segir:
1. Baðstofa: 5 1/2 al. lengd, 4 al. breidd; þrennar sperrur, 6 stoðir, 1 3/4 á hæð, 1 al. biti, 2 skammbitar; einlæg laushalt eiga að vera í baðstofunni, en nú er vestur laushalt skeytt við fremstu stoð. Sperrukjálki liðugar 3 al. á lengd. 4 langbönd á hlið. á refti er forn fjalviður og gamlir hurðastafir. 2 gluggar eiga að fylgja húsinu, en fráfarandi hefir tekið burtu 4 rúðuglugga og sett glugga með einni rúðu í staðinn – á austurhlið; en þrennar hefir fráfarandi sett, alveg

nýlega 4 nýjar stoðir og gjört nýtt í
kringum austurgluggann; gilding
að hefir hann upp austur vegg að innan,
í fremra stafgólfi. Gallar á húsinu
eru helztir þessir: Fúi finst í suðaustur-
stað baðstofunnar og í sperrukjálka
við baðstofudyr að austanverðu, einn
fremur í laushalts enda að utan og vestan-
verðu; áfellur farnar að feyskjast.
Þak og veggir bærilegt. Húsið er ofur-
lítið glidnað í miðju, gangur í gegnum
baðstofustafninn með skelli hurð tilheyr-
ir baðstofunni og er hvorttveggja vel
á sig komið, enda byggt af fráfaranda.
Álag gjörist = Kr. = 22.00

2. Eldhús: 4½ al. langt 4½ al. breitt; 3 stoðir
tvennar sperrur; 2 álbitar; langbönd
4 á hlið; 2 einlæg laushalt; fjórða
stoðin er stutt og er farin að sígja.
Þverrept yfir mæni. Veggir bærilegir;
þak lélegt. Álag gjörist = Kr. 2.00

3. Búr: 3 al. á hvern veg. 1 mæniás, og af
honum rept á veggi. 7 og 8 máttar-



raftar á hlið. 1 einar rúðugluggi
er á húsinu. Hurð fylgir engin á milli
búrs og eldhúss. Þak gott; veggir bæri-
legir, nema hvað norðurstafn er
nokkuð moldrunninn. Fráfarandi
hefir rifið ofanaf búr inn og rakkað
það nokkuð, bætt í það nýjum mæni-
ás og byggt suðurstafninn. Gallar
á húsinu eru þeir sem áður eru taldir
á norðurstafni; viðir farnir að feyskj-
ast. Álag gjörist. Kr. 4.00

4. Fjós: 3¼ al. lengd; 4 al. breidd. 1 mæniás,
með einni stoð undir á milli bása. en
endar báðir á stöfnum. Húsið er nýtt
byggt af fráfaranda og bætt í það nokkru
af nýjum röftum. Hurð er fyrir húsinu
og 1 glerglugga. Gallar eru þeir, sem áður eru
taldir, hvað viði snertir en vestur veggur
er moldrunninn fram við dyr og
úti dyragangur er raftalaus nema hvað
dyratré er fjós megin. Álag gjörist Kr. 4.00

5. Göng, frá fjósdyrum, til bæjardyra 8 al. löng;
1¼ al. breið; undir sperrum. Þak og veggir
bærilegt. Viðir farnir að fúna til muna.

Álag gjörist ~~5. aur~~

6. Bæjardyr: 2 al. langar; 1 3/4 á breidd í einu stafgólfi; hvernar sperrur og lang-
repti á þeir og árepti á norðurhlið, í þeil
framan undir með hurð á járnum, og
önnur hurð á járnum innanvið bæjar-
dyrnar. Hússið er staðilegt að viðum og
veggjum. Álag gjörist = Kr. 3.25

Álag verður þá alls:

| | | |
|---|---|---|
| 1. á baðstofu | = Kr. | = 22.00 |
| 2. – eldhús | = – | = 2.00 |
| 3. – búr | = – | = 4.00 |
| 4. – fjós | = – | = 4.00 |
| 5. – göng | = – | = 5.00 |
| 6. – bæjardyr | = – | = 3.25 |
| | Alls = Kr. | 40.25 |

Uppi þetta álag er virt:

1. Rúms umgjörðir 2 í baðstofu og þyljur = 6.50
2. fjárhús búið á túni = 13.00

Samtals = 19.50

Afgangs verður þá = 20.75, og vísar Jón



Jónsson, fráfarandi til ??????, hvað snertir álagsafgang.
Kvígildi ~~það~~ verður afhent viðtak-
anda í gildu lagi.
Að öðru leyti hafði viðtakandi
ekkert útá hvertfer fráfaranda að setja.
Úttektargjörðin upplesin og samþykkt.

Guðm. Davíðsson

Hermann Þorsteinsson

Bogi Jóhannesson

Jón Jónsson

Ár 1905 þ. 2. d. júnim. var hreppstjór-
inn í Holtshreppi ~~staddur á~~ ásamt
úttektarmanni Hermanni Þorstains-
syni á Reykjarhóli staddir á Háakoti
til þess, að taka út jörðina, ~~?~~ meta álag og
virða uppi álag, þegar Guðm. Pálsson
fer frá jörðunni en Sigurður Kristjánsson
tekur við henni. Fráfarandi og viðtakandi
voru báðir til staðar. Eiganda hafði

verið gjört aðvart, en hann var ekki
til staðar.

Úttektin fór fram eins og hér segir:

1. Baðstofa: Húsinu hefir verið breytt frá því
í úttekt 3. Júlí 1886 þannig, að það hefir verið
lengt, breikkað og hækkað. Er lýsing hússins
nú á þessa veg: Lengd 9 al., breidd 5 1/4 al.;
10 stafir 2 al. háar; 5 kálfasperrur
með 3/4 al. kjálka; 2 albitar; 3 skammbitar;
reisifjöl er í allri baðstofunni á risi og
í mæni þrjú langbönd á hlið, auk áfellu.
[illegible]
1 tólfrúðugluggi og 2 tveggja rúðugluggar
eru á húsinu. Baðstofan er 7 ára gömul
og er vel stæðileg að veggjum. Gallar
á viðum þess eru: lausholt er fúið á
vestur hlið undir fremri gluggum 2 og
áfella; syðstu stafir beggja vegna eru fúnir
að neðan og hornstafi við baðstofudyr. Fleiri
stafir eru blautar en virðast þó ófúnar.
[illegible]
Annars er húsið vel útlítandi og stæðilegt
þak er gott. Álag gjörist = Kr. 21. oo

2. Búr 4 1/2 al. langt; 3 1/2 al. breitt; 2 albitar;
6 stafir 2 1/4 al. og 1 stafur 1 3/4 al. háar



1 skammbiti; 5 og 6 langbönd á hlið. Fremst-
ar sperrur með 2 1/2 al. kjálka; 5 mæniraftar
yfir langböndum; 2 litlir einnar rúðu
gluggar eru á búrinu og skrálæst hurð
á járnum er við dyrastafi. Veggir
gamlir og moldrunnir; einkum vestur
stafn og norðurveggur, sem má heita ó-
nýtur. Þak er gott. Gallar á viðum eru
fúi í stöðum neðanverðum og annars
viðir blautir meir og minna.
Álag gjörist = Kr. 10. oo

3. Eldhús: 4 1/2 al. langt; 3 1/2 al. breitt, með 2
stöðum 2 1/2 al. undir bita og sperrum í miðju
og af sperrunum reft á stafna og veggi.
Stafn á milli búrs og eldhúss slæmur
og moldrunninn; annars eru veggir
stæðilegir; þak trosnað. Fúi finst
í viðum nokkur. Álag gjörist = Kr. 8. oo

4. Göng: 8 al. löng, frá eldhúss dyrakampi
þeim fremri til bæjardyra, og 1 1/2 al. breið.
4 bitar eru í göngunum og dvergar undir
ás á fremur bitunum þeim fremri.
Veggir eru stæðilegir og viðir góðir

i innri parti gangnanna, enda var byggt ofanyfir þannpart í haust er leið; aftur á móti er fremsti partur gangnanna dálítið að vitum. Þak er gott á innri partinum, en lélegt á fremsta parti gangnanna. Álag = Kr. 2.00

5. Bæjardyr: 3 al. langar; 2 al. breiðar undir tvennum sperrum og 2 bitum; 4 stoðir 2 al. háar. Langbönd eru á sperrum og árefti yfir; þyl er framanundir með vindskeiðum og klinku og lokulaustri hurð. Veggir vel stæðilegir og þak lélegt.
Álag gjörist = Kr. 2.00

6. Kvígildishús niðri á túni. Jörðin á aðeins ½ húsið (fyrir 10 kindur) Álag á þann hluta hússins, sem jörðunni tilheyrir er metið = Kr. 1.00

Álag verður þá alls:

1. á baðstofu = Kr. 21.00
2. — búr = — 10.00
3. — eldhús = — 8.00
4. — göng = — 2.00
5. — bæjardyr = — 2.00
6. — Kvígildishús = — 1.00

Alls = 44 00



Uppí þetta álag er virt:

1. Rúms umgjörðir 4 í baðstofu með tilheyrandi þiljum uppað laushaltum = Kr. 14.00
2. ½ Kvígildishús = — 8.00
3. Skáli utan bæjardyra = — 14.50
4. Skellihurð með þyli og þilum = — 1.00
5. Fjós með hurð og ranghala = — 16.00

Alls = Kr. = — 53.50

Mismunurinn = Kr. 9.50 jafnast í millireikningi fráfaranda og viðtakanda.

Í Kvígildi er látin 6 vetra kýr snemmbær og er hún álitin í gildu standi.

Frekar var ekki athugavert fundið, en að framan er skráð.

Úttektargjörð upplesin og samþykkt.

Guðm. Davíðsson.

Hermann Þorsteinsson

Sigurður Kristjánsson

Guðmundur Pálsson

Álagsfé það, sem eptir stóð hjá Jóni Jónssyni á Bakka = Kr. 20.75 (sbr. úttekt á Bakka 2. Júní þ.á.) er borgað með því móti, að Bogi Jóhannesson viðtakandi keypti af Jóni á eptir úttektinni
1. Ytra fjárhús fyrir = Kr. 3.00
2. Skemmu = — 6.00
3. Hey, við fjós og syðra hús = — 6.00
Samtals = 17.00
þar að auki undirgengst E. V. Hermannsson á Málastöðum, að borga Boga, Jóns Jónss. vegna, = Kr. 2.70. Afgang álagsins = Kr. 1.05 ábyrgist hreppstjóri viðtakanda; og ~~undirgengst að~~ ~~P. t. Stóra-Holti 10/6~~ að borga Boga þessa upphæð.
Álag á Bakka er því kvitt og klárað.

P. t. Stóraholti 10/6 – 05
Guðm. Davíðsson



Ár 1905 þ. 13. d. Júním var hreppstjórinn í Holtshreppi staddur á Deplum, ásamt úttektarmanni Hermanni Þorsteinssyni á Reykjarhóli til þess, samkvæmt beiðni fráfaranda að taka út jörðina, meta álag og virða uppí álag, þegar Sveinn Steinsson skilar jörðunni, en Frímann Steinsson tekur við henni. Úttektarmaður er Hermann Þorsteinsson gatirhags eiganda Bessa á Kýrholti; fráfarandi og viðtakandi báðir til staðar. Úttektin fór svo fram, eins og hér segir:
1. Baðstofa: Húsið er í sama formi, eins og við seinustu úttekt 28. Maí 1901 (bls. 35 hér að framan). Ekkert hefir fráfarandi gjört við grind hússins. Húsið er ósnarað. Gallar á húsinu eru ~~helztir~~ þessir. Merkja finst í stöðum, þar sem hægt er að ná til þeirra, en það eru 4 miðstaðirnar beggja vegna í baðstofunni; syðri albiti baðstofunnar er fúinn í báða enda, því í sperrum hefir haldið áfram. Langbalks endar við

suðurstafn fúnir. Við norðurstafn
er eigi hægt að skoða grindina, sökum
innanþylja; veggir eru blautir og mold=
runnir, eins og var. Þak er trosnað.
Ein rúða í gluggum er brotin; árefti
er meir og minna fúið. Álag = Kr. 26.00

2. Búr: Húsið er í sama formi og við sein=
ustu úttekt. Fráfarandi hefir rifið ofan=
af því, og bætt í það dálitlu af nýjum
við á vesturhlið. Annars eru viðir meir
og minna fúnir. Stafn á milli búrs og
eldhúss snaraður til suðurs. Tvær glugga
holur litlar eru nú á húsinu og er gler í
báðum, en brotið þó. Þak á búrinu
er trosnað og sér útum það á einum
stað í mæninum. Veggir stæðilegir en
blautir. Álag gjörist = Kr. 10.00

3. Eldhús: Húsið er í sama formi eins og við
seinustu úttekt og virðist því ekki hafa
farið sérstaklega mikið aftur síðan, þá en fyrir
fyrningu er álag gjört = Kr. 3.50

4. Göng: með sömu stærð og var í síðustu



úttekt; viðir blautir og farnir að
fúna; enda hefir ekkert verið gjört við
þau, í síðastliðin 4 ár; liðað er undan
sydri sperrukjálka og orðið er sá kjálkinn
siginn niður. Hurð og dyraumbúnaður
er sá sami sem var, á milli gangna
og bæjardyra. Veggir stæðilegir og
þak bærilegt. Álag gjörist = Kr. 4.50.

5. Bæjardyr: með sömu stærð og var;
fráfarandi hefir rifið ofanaf húsinu,
tekið burt miðsperrur, er áður voru
í bæjardyrunum en sett einn mænir=
ás í staðinn; var það 6 al. júferta, en sú
spíta er nú brotin til hálfs. Árefti er
hið sama og var; veggir sömuleiðis og
er snar á norðurvegg eins og áður var;
þak er bærilegt á norðurhlið en má
heita ónýtt á suðurhlið. Álag gjörist = Kr. 8.00

6. Fjós: Með sömu stærð og í sama formi og
við seinustu úttekt. Fráfarandi hefir
rifið ofanaf austurhlið, sett nýjan
brúnás skeyttan og alstoðir 4. Sömu=

leiðis hefir hann sett eina ásstað granna; ræptum hefir hann bætt í fá~~fum~~ ein á austurhlið. Vesturhliðinni hefir hann ekkert vötað, enda er sú hliðin miklu verri; syðsta rapt á þeirri hlið vantar áveg og næsti raptur brotinn og fúinn; fúnir eru fleiri raptar á þeirri hlið. Hálfstað í suðausturhorni er fúin. Veggir stæðilegir en þó farnir að láta á sjá; einkum í norðausturhorni og suðurstafn; þak lélegt. Álag = Kr. 11.00
7. Kvígildishús; suður á túni, fyrir 12 ær. Húsið er með sömu stærð og í seinustu úttekt, og á ~~eigandi~~ fráfarandi eins og áður 2/5 parta þess. Húsinu virðist ekki hafa farið mikið aptur, en fyrir fyrningu og trosmun þaks er álag gjört á jarðarinnar part = Kr. 4.00
Álag verður þá alls:

| | | |
|---|---|---|
| 1. á baðstofu | = Kr. | 26.00 |
| 2. — búr | = — | 10.00 |
| 3 — eldhús | = — | 3.50 |
| | Flyt = | 39.50 |



| | | |
|---|---|---|
| | Flutt = Kr. | 39.50 |
| 4. á göng | = — | 4.50 |
| 5. — bæjardyr | = — | 8.00 |
| 6. — fjós | = — | 11.00 |
| 7 — kvígildishús | = — | 4.00 |
| | Alls = Kr. | 67.00 |

Uppí þetta álag er virt.

| | | |
|---|---|---|
| 1. Rúmsumgjörðir 4 í baðstofu og þyljur, súð og lapt | — | Kr. 22.00 |
| 2. Skemma frammi á hlaði | = — | 13.50 |
| 3. Skáli | = — | 15.00 |
| 4. Fjárhús vestan við skemmu | = — | 13.00 |
| 5. Partur í kvígildishúsi | = — | 5.00 |
| | Samtals = Kr. | 68.50 |

Mismunur, fráfaranda í hag = Kr. 1.50, jafnast í millireikningi fráfaranda og viðtakanda.
Kvígildis ær 9 að tölu afhendast í góðu lagi.
Úttektin upplesin og samþykkt.

Guðm. Davíðsson
Hermann Þorsteinsson
Sveinn Steinsson
Frímann Steinsson

Ár 1905, þ. 13. Júní, var hreppstjórinn í Holtshreppi staddur á Lundi, ásamt úttektarmanni Hermanni Þorsteinssyni á Reykjarhóli, til þess að taka út jörðina, meta álag og virða í álag, þegar Frímann Steinsson skilar henni, en Sveinn Steinsson tekur við henni. Vegna eiganda Jóns Jónssonar á Hafsteinsstöðum var Sigurður bóndi á Háakoti við úttektina. Sveinn Steinsson viðtakandi á nokkurn hluta jarðarinnar og var hann viðstaddur; sömuleiðis fráfarandi.

Fór svo úttektin fram, eins og hér segir:

1. Baðstofa: 8 al. löng, 6 al. breið innan veggja; 5 sperrur, 10 stafir 2 al. háar; 2 al=bitar, 3 skammbitar; 6 og 7 langbönd á hlið; í 3 ytri stafgólfunum er skarsúð utan á sperrum en í syðsta stafgólfi eru langböndin og fjalrefti yfir; hurð á járn=



um er við dyrastafi; 1, 6 rúðu gluggi og 1, 4 rúðu gluggi er á húsinu.

Gallar á húsinu eru: Stafir meir og minna fúnar; suðurbiti fúinn og klampaður; í norðurbita finnst fúi en þó minni, en í suðurbita. 2 sperrutær og lausholt á vesturhlið tálsvert fúið, og flestar sperrutær og lausholtið í austurhlið sömuleiðis. Súðin á austurhlið meir og minna fúin, en á súðinni á vesturhlið ber miklu minna á fúa; langbönd og árefti í syðsta stafgólfi meir og minna fúið og neðsta langband og áfella alveg ónýtt á vesturhliðinni. Veggir stæðilegir en blautir; þak trosnað. Fúi finnst í gluggtrogum; 3 rúður brotnar.

Álag gjörist — = Kr. 48.00

2. Búr og eldhús í einu lagi (undir einu risi); 7 al. langt 5 al. breitt; 4 sperrur, 8 stafir 2½ al. háar, nema 1 staður er um 2 al.; 4 albitar; 4 og fimm langbönd á hlið, auk mænitróðu og á þeim árefti. Fráfarandi hefir sett skilrúm úr heilum.

bordum, með skrálæstri hurð á járnum í húsið. Gallar á húsinu eru; viðir meir og minna farnir að feyskjast. Veggir stæðilegir og góðir; þak traznað. Álag gjörist = Kr. 7. oo

3. Göng, frá baðstofustafni og bæjardyr til útidyra; samanhangandi lengja 9 al. löng, 2 al. breidd; 5 sperrur, að meðtöldum bæjarþylssperrum. heilstaðir 4 ~~Þ~~ 3 hálfstaðir, 5 bitar, lang og þverrept. ~~[illegible] á járnum~~ ~~styrir húsinu~~
Gallar á húsinu eru: 3 heilstaðir vanta, og hálfstaðir ~~eru~~ nú 3 í stað þess, sem þar áttu að vera 3 heilstaðir. Fráfarandi byggði upp húsið fyrir 2 árum, en margt af viðunum hefir þá verið gamalt. ~~Fyrir fyrningu~~ undan hálfstoð í utanverðum bæjardyrum er veggurinn sprunginn. ~~Álag gjörist~~ Veggir annars stæðileggir; þak traznað. Álag = ~~Kr.~~ 6. oo

4. Kvígildishús (ytra hús uppi á túni). Húsið tekur 24 kindur, en jörðin á eigi nema



14 kinda rúm í því eða 7/12 parta. Álag á eign jarðarinnar er metið Kr. 5.25. Eign fráfaranda er virt á = Kr. 6.25.

Álag verður þá alls:

1. Á baðstofu = Kr. — 48. oo
2. Búr og eldhús = — — 7. oo
3. Göng og bæjardyr = — — 6. oo
4. Kvígildishús (7/12) — — 5. 25

Alls = 66. 25

Uppi þetta álag er virt:

1. Rúms umgjörðir 4 í baðstofu og þyljur uppað laushalti = Kr. 12. oo
2. Syðra fjárhús uppi á túni = — 23. oo
3. Hesthús = — 6. oo
4. Fjós, með skilrúmum og jötum = — 35. oo
5. Skemma og kofi utan dyra = — 22. oo
6. Skáli sunnan dyra = — 16. oo

Samtals = 114. oo.

7. Eign frá faranda í kvígildishúsi = 6. 25

= Kr. 120. 25

Mismunurinn á álagi og því sem metið var uppi álag er = Kr. 54. oo.
Af þessum Kr. 54. oo á Frímann hjá við takanda = Kr. 36. en 18. oo tilheyra Einari Jónssyni á Hraunum.

Kvígildis eru 12 að tölu, eru ekki til staðar, en fráfarandi lofar að afhenda þau í gildu lagi. Þær 36 Kr. sem frá-farandi á hjá viðtakanda jafnast í millireikningi þeirra. Krónur tinan á Hraunum meiga bíða óumtalaðar fyrst um sinn. Fleira var ekki fært fram til bókunar.

Úttekt upplesin og samþykkt.

Guðm. Davíðsson.

Hermann Þorsteinsson

Sveinn Steinsson

Frímann Steinsson

Sigurður Kristjánsson

Ár 1905 þ. 28. d. Júním var hreppstjórinn í Holtshreppi staddur á Sambanessreykjum, ásamt úttektarmanni Hermanni Þorsteinssyni á Reykjarhóli til þess að taka út jörðina, meta álag og virða í álag, þegar



Ísak Jóhannsson skilar jörðinni, en Pétur Jónsson tekur 5/6 parta en Jóhannes Friðbjarnarson 1/6 part hennar. Eigendum 5/6 jarðarinnar – Sveini Árnasyni á Felli – og umboðsmanni 1/6 hluta jarðarinnar – dbrm. Einari Guðmundssyni í Haganessvík – hafði verið gjört aðvart um úttektardaginn, en hvorugur þeirra var til staðar.

Fór svo úttektin fram eins og hér segir.

1. Baðstofa: Með sömu stærð og ummerkjum og í úttekt 30. Maí 1900 (sbr. bls 5. hér að framan): Ekkert hefir verið gjört við húsið, nema það, að fráfarandi hefir látið smíða 3 nýja glugga og gjört við 2 glugga þar að auki. Gallar á húsinu eru ~~helzt~~ þessir: Fúi í stöðum við suðurstafn virðist hafa ágerst og er grindin þar sigin til muna. Vegna þyljanna er eigi hægt að skoða grindina nákvæmlega; en af því að baðstofan er þurkhús, þá er ekki útlit fyrir að grindinni hafi farið aptur nema það sem leiðir af

eðlilegri fyrningu; veggir eru staði=
legir, þó er suðurstafn brunninn og
hallóttur og að ofanverðu snaraður til
norðurs. Þak er mjög lélegt og brunnið;
eru langsprungur á því að austan og
vestan alveg inní rafta. Álag gjörist = 80.00

2. Göng, með sömu ummerkjum og í seinustu
úttekt; fráfarandi hefir rifið göngin,
miðpartinn úr þeim, gildingað upp norður
vegg innan eldhússdyra og bætt í húsið
nokkru af nýjum röftum. Verk þetta
vann hann nú fyrir fáum dögum og
lítur sá partur vel út; aptur er fremsti
hluti ganganna gamall og hefir ekkert
verið við hann gjört; mæniás er brotinn
og raptar gamlir og farnir að fúna.
Þak er nýtt. ~~Álag gjörist = Kr. 4.00~~
Fráfarandi leggur viðtakendum til
mæniás, í stað þess, sem brotinn er
og verður svo álag á húsið = Kr. 3.00

3. Bæjardyr: Með sömu stærð og við sein=
ustu úttekt. Fráfarandi hefir nú



fyrir nokkrum dögum rifið ofanaf
húsinu og gjört við það til muna. Gild=
ingað hefir hann upp allan ytri vegg
nema örlítinn part að innanverðu,
og bætt í húsið nýjum langböndum
og röftum — til muna. Veggir eru
vel staðilegir og þak nýtt. Þyl fram=
an undir húsinu er fornt og vindrifið.
Álag gjörist Kr. = 3.00

4. Búr: Með sömu stærð og við síðustu
úttekt. Ekkert hefir verið gjört við
húsið. Gallar eru þessir, að norður
veggurinn er ónýtur og vesturstafn
sprunginn frá þeim veggnum, að neðan
svo að út um sér. Húsgrindin er góð og
ófúin, en á repti er farið að fúna. Þak
lélegt. Gluggi bramlaður. Stafn á milli
búrs og eldhúss er allur snaraður inní
~~eldhu~~ búrið. Álag gjörist Kr. = 12.00

5. Eldhús: Með sömu stærð og við seinustu
úttekt. Húsið er snarað til vesturs svo
að voði stendur af. Austurstafn er
allur snaraður inní húsið og moldrunn=

inn mjög. Um stafn á milli eldhúss og búrs er áður getið. ~~Veggirnir~~ Veggirnir eru fornir en stadilegir. Viðir eru lítilfjörir, en farnir að feyskjast. Þak mjög lélegt. Álag gjörist Kr. = 14.00

6. Kvígildishús: Hús ið tekur 30 fjár, en Jörðin á ekki nema rúm yfir 12 kindur eða 2/5 parta hússins, en fráfarandi 3/5 parta. Álag á jarðarpartinn er metið = Kr. 2.00 en eign fráfaranda = Kr. 6.00.

Álag verður þá alls:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. á baðstofu | = Kr. | | 80.00 |
| 2. – göng | = – | | 3.00 |
| 3. – bæjardyr | = – | | 3.00 |
| 4. – búr | = – | | 12.00 |
| 5. – eldhús | = – | | 14.00 |
| 6. – Kvígildishús | = – | | 2.00 |

Eða alls = Kr. 114.00

Upp í þetta álag er virt. 30. Mai 1900.

1. Þiljur í baðstofu (þær sem í úttekt. eru nefndar undir staflið 3.) = Kr. 44.00

Flutt = Kr. 44.00

2. Rúmsum gjörðir 4 í baðstofu, Suðurhúss hurð og hornskápur = – 8.50
3. Ný rúmsumgjörð lítil í baðstofuhúsi og gólf í frambaðstofu = – 2.50
4. Kvígildishússeign (3/5) = – 6.00
5. Hesthús = – 5.00
~~6. Fjárhús = – 25.00~~
6. Fjós = – 18.00
7. Skáli (sunnan bæjardyra) = – 30.00

Samtals = – 114.00

Álag og það sem ~~metið~~ virt er upp í álagið stendur alveg heima og er því fráfarandi kvittur við viðtakendur.

Fjárhús útá túni kaupir viðtakandi Jóhannes Friðbjarnarson af fráfaranda fyrir Kr. = 25.00

Kvígildis ær eru afhentar viðtakendum í gildu lagi.

Að öðru leyti hafa viðtakendur ekkert útá búrf. fráfaranda að setja.

Úttekt upplesin og samþykkt.

Gutm. Davíðsson.
Hermann Þorsteinsson
Jóhannes Friðbjarnarson
Ísak Jóhannsson
Pétur Jónsson

Ár 1906, þann 1. d. Júním. var hrepps=
stjórinn í Holtshreppi staddur á Hóla=
koti, ásamt úttektarmanni Hermanni
Þorsteinssyni á ~~Hólakoti~~ Reykjarhóli; til
~~þess~~, samkvæmt ósk eiganda Einars
hreppstjóra Jónssonar á ~~Hólakoti~~ Brimnesi ~~og~~ að taka
út jörðina, þegar Ólafur Eiríksson skilar
henni, en Jakobína Jakobsdóttir og Hermann
Þorsteinsson taka sinn helminginn hvort.
Eigandi jarðarinnar var til staðar. Vegna
fráfaranda var Jón Oddviti Sigurðsson á Illuga-
stöðum. Viðtakendur voru ~~allir~~ báðir til staðar.
Fór svo úttektin fram eins og hér segir:

1. **Baðstofa**: Húsið er í sama formi eins og
við úttekt í fyrra (bls. 101 hér að framan).
Ekkert hefir verið gjört við húsið síðan í fyrra
og virðist það því í svipuðu ásig komulagi.
Þó er norðvestur stoðin við baðstofu ~~dyr~~ sig-
5 rúður eru sprungnar, af 6 rúðum í húsinu
in dálítið. Álag gjörist = Kr. 36.00

2. **Búr**: Í sama formi og var í umgetinni út-
tekt. Ekkert hefir verið gjört við búrið
utan eða innan, enda er það í mjög líku
ásig komulagi og var í fyrra.
álag gjörist = Kr. 11.00



3. **Eldhús**. Með sömu ummerkjum og í um=
getinni úttekt. Ekkert hefir verið gjört
við húsið, en þó ~~eykst álag svo að~~ virð=
ist því lítið sem ekkert hafa farið aptur.
Þó gjörist álag 50 aurum meira en þá ~~fag~~ og verður
því álagið alls = Kr. 4.50

4. **Göng**: Með sömu ummerkjum og í umget=
inni úttekt. Ekkert hefir verið gjört
við húsið, ~~og~~ eins og eðlilegt er, þá
fyrnast þau og feyjast ár frá ári, jafn=
vel þó ekki sé neinir sérlegir gallar
sjáanlegir t.d. brot eða snar fremur en
var. Álag gjörist = Kr. 10.00

5. **Bæjardyr**. Með sama formi og var í um=
getinni úttekt. Ekkert hefir verið gjört
við húsið en fyrir fyrningu vex álagið
og verður nú = Kr. 6.50.

6. Kvígildishús, niðri á túni. Með sömu
stærð og áður. Ekkert hefir gjört við húsið,
enda ekkert notað síðastliðið ár. 1 stoð
af garðastoðunum vantar og allt er
húsið blautt og saggafullt, enda klaki í
króm báðum. Tóttarveggur sprungin
inn að sunnanverðu. Álag = Kr. 9.00

Álag verður þá alls:

| | | |
|---|---|---|
| 1. á baðstofu | = Kr. | 36.00 |
| 2. — búr | = — | 11.00 |
| 3. — eldhús | = — | 4.50 |
| 4. — göng | = — | 10.00 |
| 5. — bæjardyr | = — | 6.50 |
| 6. — kvígildishús | = — | 9.00 |
| | = Kr. | 77.00 |

Uppí þetta álag er virt:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Rúmstungurjárn 3 í baðstofu | = Kr. | 12.50 |
| og þyljur | | 11.50 |
| 2. Fjós | = — | 10.50 |
| 3. Skemma suður á hlaði | = — | 4.50 |
| 4. Hesthús | = — | 18.50 |
| 5. Fjárhús sydra | = — | 4.25 |
| 6. Fjárhús ytra | = — | 0.50 |
| 7. Skellihurð í göngum | = — | |
| | = Kr. | 62.25 |

Mismunur álags og þess, sem virt er uppí álag, verður þá = Kr. 14.75. Fráfarandi á hjá Jakobínu viðtakanda Kr. 1.70. Verður þá eptir Kr. = 13.05, sem Jón oddviti Sigurðsson stendur Hermanni á Reykjarhóli skil á.



Kvígildis ær 6 að tölu eru afhendar og teknar gildar.

Túnfall er metið 5 krónur, sem fráfarandi er gjört að borga viðtakendum, svo framarlega, sem hann sjálfur ekki nægilega komi þaði á tún, fyrir 10. ~~Júní~~ þ. m.

Fleira kom eigi til bókunar við úttekt þessa.

Úttektin lesin og samþykkt.

Guðm. Daviðsson
Hermann Þorsteinsson

Einar Jónsson Jón Sigurðsson
Jakobína Jakobsdóttir

Ár 1900, þ. 1. Júní, var hreppstjórinn í Holtshreppi staddur á Stóru-Brekku, ásamt úttektarmanni Hermanni Þorsteinssyni á Reykjarhóli, til þess að taka út jörðina, meta álag og ~~virt~~ virða í álagi, þegar Jón Halldórsson

skilar henni, en Sigurjón Sigtryggsson flytur sig á hana. Eigandi ~~vait~~ vegna var Jón G. Jónsson á Brúnastöðum mættur. Viðtakandi var sjálfur til staðar en fráfaranda vegna var til staðar Guðm. Halldórsson í Neskoti.

Úttektin fór svo fram eins og hér fer á eptir.

1. Baðstofa: Í sama formi eins og í síðustu úttekt (bls 110. hér að framan; sbr. úttekt 21. Marz 1900). Gallar þeir sömu og í nefndri úttekt (þeirri seinustu); hefir heldur vaxið þá í stoða endum neðanverðum. Snar hefir mjög lítið ágerst. Rúður eru brotnar í húsinu. Þak eins og lýst var í fyrra.
Álag gjörist = Kr. 5.5 : 00

2. Eldhús: Með sömu ummerkjum og í nefndri úttekt. Húsið virðist að engu hafa farið aptur. En fyrir fyrningu gjörist álags=auki 1.00. Álag verður því alls = Kr. 6.00



3. Búr: Í sama formi og við seinustu úttekt. Húsið er að öllu eins og þar er lýst, að öðru leyti en því, að nú er húsið allt þurt - bæði veggir og viðir. Þak ertroðnað á parti. Álag gjörist = Kr. 14.00

4. Göng: Með sömu ummerkjum og seinast. Ekkert hefir verið gjört við húsið, en fyrir fyrningu verður álagsauki 0.50. Álag verður þá alls = Kr. 10.00

5. Bæjardyr: Með sömu stæð og við seinustu úttekt. Gallar á húsinu virðast ekki meiri en í fyrra að öðru leyti en því, að suður lausholt er fúið í endann gangna megin og er slappið af stoðinni.
Álag gjörist = Kr. 10.00

6. Fjós. Húsið ~~hefir~~ er með sömu stæð og við seinustu úttekt. Engar kýr hafa verið hafðar í því s.l. vetur og er það allt blautt og myglað og mjög ólitlegt að innanverðu. 1 stuttan rapt vantar yfir útidyrum fjóssins. Að öðru leyti virðist fjósið vera vel staðið lagt. Viðir farnir að feyskjast og fúna nokkuð.

Hurð hefir verið sett fyrir fjósið, að
nokkru úr nýjum við. Álag gjörist = Kr. 24.50

7. Kvígildishús; ytra fjárhús uppi á túni.
Húsið er í sama formi og áður. Lítið hefir
húsinu hrakað. Þó vantar eina stoð undir
norðurhlið, garðabönd að mestu leyti og
smáasprek yfir tóttardyr.
álag gjörist Kr. = 3.00.

Álag verður þá alls:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. á Baðstofu | Kr. | = | 55.00 | |
| 2. — eldhús | — | = | 14.00 | |
| 3. — búr | — | = | 10.00 | |
| 4. — göng | — | = | 10.00 | |
| 5. — Bæjardyr | — | = | 24.50 | |
| 6. — Fjós | — | = | 3.00 | |
| 7. — Kvígildishús | — | = | 6.00 | 122.50 |

Uppí þetta álag er virt:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. Syðra fjárhús uppi á túni | = Kr. | 16.50 | |
| 2. Hesthús | = — | 5.50 | |
| 3. Skáli | = — | 21.50 | |
| 4. Búr | = — | 10.00 | |
| 5. Borð í búri og gluggi | = — | 1.75 | |
| 6. Rúmsumgjörðir 3 í baðstofuhúsi, skilrúm o. fl. sem um getur í útt. seinustu | = — | 20.00 | |
| | Flyzt | 75.25 | |

| | | |
|---|---|---|
| | Flutt 75.25: | — 122.50 |
| 7. Rúmsumgjörðir tvær í fram-baðstofu og pyljur, sem um er getið í seinustu úttekt. | = 13.00 — | |
| 8. Skilrúm í fjósi (5 að tölu) | = 4.00 — | |
| 9. 1 Kolla 2/00; 2 trog 2/50 | = 4.50 — | 96.75 |

10. Mismunurinn = Kr. 25.75; borgast til við takanda hið bráðasta, og ábyrgist hrepp-stjóri greiðslu á þeirri upphæð.

Kvígildis ærnar 12 að tölu afhendast og eru teknar gildar.

Ekkert hefir verið borið á tún ennþá, en fráfarandi ætlar sér að bera á nú strax úr hátíðinni og setur viðtakandi sig við að 20 hestar verði bornir til jafnaðar á dagsláttu hverja.

Fleira kom eigi til bókunar og er úttektinni þar með lokið.

Úttektin upplesin og samþykkt.

Gutm. Davíðsson.
Hermann Þorsteinsson
Guðmundur Halldórsson
Sigurjón Sigtryggsson
Jón Jónsson

Ár 1906, þ. 2. Júní, var hreppstjórinn
í Holtshreppi staddur á Hinstöðum, á-
samt úttektarmanni Hermanni Þorsteins=
syni á Reykjarhóli, til að taka út jörðina,
meta álag og virða í álag, þá er Þorkell
Sigurðsson fer frá henni, en landsdrottinn
Jónmundur prestur Halldórsson á Barði tekur
við henni. Fráfarandi var viðstaddur úttekt-
ina, en í forföllum prestsins var Guðmundur
bóndi Ásmundsson til staðar.

Komu þá húsin fyrir eins og hér segir:

1. Baðstofa: 6 al. löng, 5 al. breið, með fernum
sperrum, 8 stöðum, 2 albitum, 2 skamm=
bitum; stöðurnar eru 1 3/4 al á hæð, 7 langbönd
á hlið, auk áfellu og mænistróðu. Vestara
laus holt tvísamansett og nyrðri albiti saman=
settur. Smárepti er víðast yfir langböndum.
2, fjögurra rúðu gluggar fylgja nú húsinu,
en ekki er nema sín rúða í hverjum. Frá=
farandi hefir sett annan gluggann nýlega í
húsið ~~a~~; en það sem annar gamli glugginn var
er nú gat á baðstofunni. Gallar á húsinu eru
Hurð á járnum við dyrastafi, fylgir húsinu



þessir sjáanlegir: Áfelluþart vantar í mið=
stafgólfi á vesturhlið. Viðir allir meir og
minna blautir og fúnir. Veggir blautir og
óásjálegir, en stæðilegir. Þak troðnað til
muna. Álag gjörist — Kr. 32.00

2. Búr: Líðugar 2 al. á lengd og 4 al. breitt. ~~Á~~ Í
húsinu ~~húsinu~~ eru 2 mænisásar og af
þeim rept á veggi; annars vegar með fjal=
við, en annars vegar með raftvið. Smárepti
er á milli ásanna. Hurð á járnum ~~fylgir~~
húsinu. Þak lélegt, veggir blautir og mold=
runnir. Álag gjörist = Kr. 10.00

3. Eldhús: 4 al. langt, 4 al. breitt. 1 mænis ás
og af honum rept á veggi. Viðir í húsinu virð=
ast lítt fúnir, nema raftar yfir eldhúsdyrum
til gangna. Þak troðnað. Veggur á milli eld=
húss og búrs er mjög stinn eldhússmegin.
Annars eru veggir allstæðilegir.
Álag gjörist — Kr. 8.00

4. Göng: ~~5~~ al. löng, ~~&~~ 1 1/2 al. breið. Þverreft að
mestu; ~~þá eru einar kálfasperrur~~ þá eru
á tveimur stöðum bitar með dverg undir
ás og af honum rept með sprekum, á

veggina. Viðir eru blandir og fúnir.
Suðurveggur mjög slinn. Norðurveggur
staðilegur. Þak lélegt. Álag = Kr. 10. 00

5. Bæjardyr: 5 al. löng, 2½ al. breið. þrennar sperrur,
og langreft á milli þeirra. Gott þyl er framan
undir húsinu, sem fráfarandi hefir sett fyrir
4 árum. Breikkaði hann þá húsið um ½ alin
og byggði það að veggjum. Þylið er úr heilum
þumlungsborðum. Hurð er á járnum við
dyrastafi. Innri sperrurnar ~~tvennar~~ eru
signar niður vegna þess, að ~~sperrurnar~~ þær standa
í veggjum á bitahöfðum. Álag = Kr. 5. 00

Álagverður þá alls:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. á Baðstofu | = | Kr. | 32.00 | |
| 2. — búr | = | — | 10.00 | |
| 3. — eldhús | = | — | 8.00 | |
| 4. — Göng | = | — | 10.00 | |
| 5. — bæjardyr | = | — | 5.00 | = Kr. 65.00 |

Uppí þetta álag er virt:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. Skáli á | = | Kr. | 16.00 | |
| 2. Fjárhús | = | — | 26.00 | |
| 3. Skellihurð | | | 0.75 | |
| 4. Rúmsumgjarðir úr tvær í baðstofu og fjalir og borð | = | — | 4.25 | = — 47.00 |

Vantandi álag = Kr. 18.00, lofar fráfarandi, að
borga við fyrstu hentugleika.

Í stað kvígildisánna 6, lætur fráfarandi
viðtakanda fá 1 kú snemmbera, að 4.
kálfi og er það gilt tekið.
Fyrir tad[f]all er fráfaranda gjört að borga
5 Krónur. Skuldar hann þá viðtakanda
alls Kr. = 23.

Fleira kom ekki til bókunar.
Úttekt upplesin og samþykkt.

Guðm. Davíðsson

Hermann Þorsteinsson

Guðm. Ásmundsson Þór~~kell~~ Sigurðsson
(handsalað)

Ár 1909, þ. 15. Maí var hreppstjórinn í Halls hreppi
staddur á Þorgautsstöðum, ásamt úttektarmanni
Herm. Þorst. á Reykjarhóli, til þess, að taka út
jörðina, meta álag og virða í álag, þegar Sigurður
Þorkelsson skilar jörðunni, en Bogi Jóhannesson
tekur við henni. Viðtakandi er sjálfur til staðar,
en vegna fráfaranda er Guðlaugur Björnsson á
Grindli. Eiganda jarðarinnar hafði verið gjört
aðvart um úttektina (Birni á Þönglaskála)
en hann var eigi mættur. Matti með að úttekt stóð.
Úttektin fór svo fram, eins og hér segir:

1. Baðstofa. 6½ x 5½ al. 8 staðir 2 al. háar,
þernar sperrur með kálfum; kjálki 3 al. auk
kálfa; 2 albitar, 2 skammbitar, 4 langbönd á
hlið með reisifjöl yfir; þiljað yfir mæni, 2
tveggja rúðu gluggar eru á húsinu með glugga=

þrögum. Hurð á járnum við dyrastafi. Húsið er 11 ára gamalt. Gallar á húsinu eru þessir: 18 toð, undir vesturglugga fúin og ónýt, sömuleiðis laushæltið þeim megin; allbiti syðri undinn og fúinn, einkum að vestanverðu; syðstu sperrur farnar að fúna til muna, gluggakarmur að vestanverðu nokkuð fúinn, sömuleiðis er reisifjölfarin að fúna að nedanverðu. Veggir að húsinu eru góðir en þakó= nýtt. — Álag gjörist Kr. = 33.00

2. Búr 4 al. × 4 al.; undir einum mæniás, og af honum reft á veggi, með 8 röftum á hlið; 1 stoð er undir mæniás; við búrsdyr hefir verið settur aukabiti með tveim stoðum undir til þess, að ásendinn falli ekki niður. Glerglugga ~~vantar~~ ~~er~~ ~~á~~ ~~húsinu~~ [vantar á þakið(?)]. Viðir eru allir fúnir, nema stoðin undir ásnum og aukabitinn, með stoðum; veggir eru moldrunnir og lítt nýtir; þak bærilegt en þó lélegt. Álag gjörist = 12.00

3. Eldhús: 5 × 3 al.; tvennar sperrur og af þeim reft á ~~veggi~~ ~~og~~ stafna; Ólangbönd á hlið auk sperrum. 4 stoðir eru undir bitunum, sem sperrurnar standa á. Ekkert hefir verið gjört við húsið í síðustu 17 árin, eða síðan fráfarandi kom hingað, enda er það alt af sér gengið: snarað og ~~fúið~~ [fúið], veggir ónýtir og þak lélegt. Álag gjörist Kr. = 12.00

4. Göng: Frá bæjardyrum til baðstofudyra. 10 al. löng, 1¼ al. á breidd. Þvert reft öll að innanverðu en lang reft að framan. Veggir eru góðir nær baðstofudyrum en í framgöngunum eru veggir lélegir. Tekið hefir verið ofan af göngunum og bætt í þau röftum. Álag Kr. 8.00

5. Bæjardyr: 3 al. × 1½ al. með þyli framanundir og hurð með loku; tvennar sperrur, 4 stoðir, 2 bitar, syllur á stoðum, mænitróða og sitt langband hvoru megin með árefti. Tekið hefir verið ofan af dyrunum og bætt við 1 spítu. Viðir eru litlir og lélegir; sömuleiðis þylið. Veggir lítt nýtir og ónýtir; þak lélegt. Álag gjörist Kr. = 6.00



6. Kvígildishús, er ekkert til á staðnum, en í þess stað á fráfarandi að skila 6 krónum til viðtakanda í staðinn fyrir 6 kindahús yfir kvígildi jarðarinnar.

| Álag verður alls: | | Uppi álag er virt: | |
|---|---|---|---|
| 1. á baðstofu Kr. | = 33.00 | 1. 2 rúms(?) ung gjarðir í baðstofu og þyljur Kr. | = 15.00 |
| 2. – búr | = 12.00 | 2. Kofi, sunnan dyra – | = 5.50 |
| 3. eldhús | = 12.00 | 3. Hesthús | = 3.00 |
| 4. göng | = 8.00 | 4. Fjárhús | = 25.00 |
| 5. Bæjardyr | = 6.00 | 5. 8 grauma(?) búninger í göngum | = 0.25 |
| 6. Kvígildishús | = 6.00 | | |
| Samtals Kr. | = 77.00 | Samtals Kr. | = 48.75 |

Kvígildisær 6 að tölu verða afhentar í fardögum í gildu lagi.

Uppi álagsupphæðina selur fráfarandi viðtakanda heykúru sunnan við bæinn á Kr. = 9.00. Uppi álag er þá alls talið Kr. = 57.75.

Mismunur er Kr. = 19.25. Ennfremur tekur viðtakandi fjós, sem fráfarandi á fr. Kr. = 7.00. Eru þá eptir af álaginu Kr. = 12.25, sem jafnast í millireikningi fráfaranda og viðtakanda. Eigandi jarðarinnar bið(ur) þess getið, að hann leggi viðtakanda til 70 kr. til byggingar á jörðunni; í við er þetta útilátið.

Fleira kom ekki til bókunar.

Úttekt upplesin og samþykkt.

Guðm. Davíðsson.

Hermann Jónsson

Bogi G. Jóhannsson Björn Pálsson

Guðlaugur Bjarnarson

Bók þessi löggildist hjer með til at vera úttektabók hreppstjórans í Holts hreppi.

Sýslumaðurinn í Skagafj. sýslu 6. júní 1901.

Eggert Briem.